



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. júní 2005 - 151. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Vefvang: visir.is - Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

### Guðmundur spilar sinn síðasta landsleik

Guðmundur Hrafnkelsson verður í síðasta sinn á milli stanganna hjá íslenska landsliðinu í handbolta í kvöld.



ÍPRÓTTIR 23

### Hið fullkomna samfélag

Pau hoppuðu. Sum hátt, önnur varfærnislega, hjá sumum var þetta hálfgerð hlunkadunk, hjá öðrum áreynslulaust svif. Sum voru virk en önnur stóðu og létu sig berast með hreyfingum dýnnunar. Skrifar Guðmundur Andri Thorsson m.a. um hopp barnanna í Fjölskyldugarðinum.



UMRÆÐAN 16


### Howard Shore bestur

Bestu kvikmyndatónverk sögunnar voru valin á dögnum og þótti tónlistin úr Lord Of The Rings best.



FÓLK 25

### VEÐRIÐ Í DAG



Í DAG ÞYKKNAU UPP og fer að rigna. Fyrst vestanlands en færast svo yfir landið allt. VEDUR 4

## Ófriður í Landakoti

Skólastjóri Landakotsskóla hefur sagt upp störfum í kjölfar átaka um stjórn skólans. Foreldrar barna í skólanum eru reiðir og óttast að fjöldi kennara hverfi með skólastjóranum. Stjórn skólans ber við að taka hafi þurft á fjárhagsvanda.

**SKÓLAMÁL** Séra Hjalti Þorkelsson, skólastjóri Landakotsskólans, hefur sagt upp störfum og eru sögusagnir um að honum muni fylgja stór hluti kennara. Margir foreldrar eru ævareidir yfir þróun mála. Í maí sagði Gunnar Örn Ólafsson, formaður stjórnar rekstrarfélags skólans, Bessi Jóhannsdóttur aðstoðarskólastjóra upp störfum. Við skólaslit nýverið kom fram í máli séra Hjalta að hann hefði á engan hátt komið að þeirri ákvörðun eða öðrum skipulagsbreytingum tengdum rekstri skólans.

Í dag verða fundahöld vegna breytinganna í Landakotsskóla. Stjórn skólans fundar með kennurum klukkan tíu og svo með foreldraráði skólans klukkan ellefu og kynni þá stöðu sem upp er komin. Klukkan sex í kvöld hafa svo foreldrar boðað til fundar þar sem þeir ætla að ræða stöðuna.

Árdís Þórðardóttir, rekstrarhagfræðingur og móðir drengs í Landakotsskóla, segist hafa þungar áhyggjur af þróun mála. „Þetta er afleit staða. Ég er búin að eiga tvo drengi í Landakotsskóla og hef verið mjög ánægð og hefur þótt skólinn vera á réttri leið,“ sagði hún og furðaði sig á vinnubrögðum rekstrarnefndarinnar við uppsögn aðstoðarskólastjórans, en hún lét þegar af störfum.

„Það getur vel verið að

kaþólska kirkjan hafi getað hagað sér svona fyrir 600 árum, en það getur hún ekki gert núna öðruvísi en að fólk risi upp og segi eitthvað,“ sagði hún.

Gunnar Örn segir Hjalta hafa sagt starfi sínu lausu síðasta föstudag, en telur óvíst að fleiri kennarar fylgi í kjölfarið. Hann segir stjórnina hafa lagt að séra Hjalta að halda áfram en hann ekki vilja. „Við útskýrum stöðuna á fundum í dag og greinum frá að búið sé að gera ráðstafanir til að skólastarf geti verið óbreytt næsta haust,“ sagði hann.

Gunnar Örn segir fjárhagsvanda skólans hafa verið orðinn mikinn og legið við ákvörðun um að skólastarfinu yrði hætt. „En svo kom loford frá Reykjavíkurborg um að hækka framlög með hverjum nemanda og stofnað var nýtt rekstrarfélag um skólann,“ segir hann. Í kjölfarið var svo gripið til sparnaðaraðgerða, en þar á meðal segir hann hafa verið uppsögn aðstoðarskólastjórans. „Ef við hins vegar komum rekstrinum ekki á réttan kjöl núna þá hættum við þessu bara. Það er sorglegt ef til þess þyrfti að koma. Skólinn á 110 ára afmæli á næsta ári.“ [olkr@frettabladid.is](mailto:olkr@frettabladid.is).



**SPERRILEGGURINN BROTNAÐI** Varnarjafninn Pétur Hafliði Marteinnsson meiddist illa í leiknum gegn Ungverjum á laugardaginn. Hann fór í aðgerð í gærmorgun og voru settar skráfur í ökklað á honum því að sperrileggurinn brotnaði. Pétur verður þess vegna að dýsa í gísi í sex vikur. Íslendingar etja kappi við Maltverja á miðvikudaginn. Öll varnarlinan sem keppti á móti Ungverjum verður hins vegar fjarri góðu gamni, ýmist vegna meiðsla eða leikbanna. Sjá síðu 20.

25 ára tónlistarfmæli Bubba Morthens:

## Fimmtíu ár í viðbót

**MENNING** Í dag eru 25 ár frá því að Bubbi Morthens gaf út fyrstu plötu sína, Ísbjarnarblús. Í tilefni af því gefur Bubbi út tvær plötur með nýju efni í dag, samtals 23 lög. Tvennir tónleikar verða haldnir í Þjóðleikhúsinu í dag og tvennir á morgun í tilefni afmælisins.

„Ég er mjög sáttur við þessar viðtökur. Ég er mjög ánægður með að selja á ferna tónleika í röð í Þjóðleikhúsinu. Þetta verður bara gaman,“ segir Bubbi.

„Ég mun halda áfram í fimmtíu ár til viðbótar. Síðustu 25 árin hafa verið ein samfelld veisla. Ég bjóst við því frá því að ég var sex ára gamall að verða það sem ég er í dag, ég efaðist aldrei,“ segir tónlistarmaðurinn sem samið hefur

470 lög á ferlinum og gefið út 35 sólóplötur.

Ísbjarnarblús er án efa ein af tímamótaplötum íslenskrar rokk-sögu. Hún er af mörgum talin marka upphaf nýs skeiðs í íslensku tónlistarlífi, tímabils ferskleika og uppreisnar.

Bubbi vildi ekki segja neitt frekar um dagskrána hjá sér á afmælisdaginn því hann sagði að það myndi bara spilla partíinu.

Fjallað verður um Bubba á Talstöðinni milli klukkan 7 og 9 fyrir hádegi í dag.

**BUBBI ER KÓNGURINN** Bubbi Morthens lætur sér ekki nægja að gefa út eina plötu í tilefni dagsins heldur verða þær tvær. Fernir tónleikar verða haldnir vegna útgáfunnar.



Hellur & Steinar



STEYPPUSTÖÐIN

S. 540 6800

[www.steypustodin.is](http://www.steypustodin.is)



Miðvikudagur  
Kópavogur / Ísland

591 3000



## SPURNING DAGSINS

Magnús, er þingmannakaupið svona naumt skammtað?

„Alls ekki. Mér finnst bara gaman að komast á sjó aftur og taka til hendinni.“

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslynda flokksins, fór túr sem háseti á sildeviðar um daginn og ætlað aftur innan tíðar. Hásetahluturinn í sæmilegum túr er í kringum tvö til þrjú hundruð þúsund krónur.

Tölur um verð á íbúðarhúsnæði í fjölbýli á fyrsta fjórðungi ársins:

# Þriðjungshækkun milli ára

**FASTEIGNIR** Fasteignamat ríkisins hefur birt í fyrsta sinn tölur um þróun íbúðaverðs eftir borgarlutum á höfuðborgarsvæðinu

## HÆKKUN Á FASTEIGNAVERÐI MILLI FYRSTU ÁRSFJÓRÐUNGA ÁRANNA 2004 OG 2005

Svæði	Hækkun
Innan Hringbrautar	33,2%
Vogar	32,6%
Norðurmýri, Holt, Hlíðar norðan Miklubrautar, Múlar	32,2%
Laugarnes	31,1%
Hafnarfjörður	29,7%

með ársfjórðungstíðni. Framvegis munu tölur af þessu tagi birtast ársfjórðungslega.

Tölurnar taka til íbúðaverðs í fjölbýli og sýna þróun einfalds meðaltals staðgreiðsluverðs á fermetra. Breytingar Yá stærð, aldri o.fl. milli Y tímabila geta skýrt breytingar á fermetra-verði

Milli fyrsta ársfjórðungs 2004 og fyrsta ársfjórðungs 2005 er hækkunin mest 33,2 prósent á svæðinu innan Hringbrautar sem er svæðið milli Hringbrautar að sunnan og Snorrabrautar að austan.

Á fjórðum svæðum er hækkunin milli ára meiri en 30 prósent: á áður nefndu svæði, í Laugarnesinu, Vogunum og á svæðinu Norðurmýri, Holt, Hlíðar norðan Miklubrautar og Múlar.

Minnst er verðhækkunin milli ára í Mosfellsbæ (21,1 prósent), Garðabæ (21,8 prósent) og á Seltjarnarnesi (23,5 prósent).

Tölurnar má finna á heimasíðu Fasteignamats Ríkisins, [www.fmr.is](http://www.fmr.is). -ifv

**VERÐ ÍBÚÐARHÚSNÆÐIS Í FJÖLBÝLI** Á fjórðum svæðum er hækkunin á verði íbúðaverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hærrí en 30 prósent.



RÁNYRKJA Stórtækur fiskistuldur á sér stað á Atlantshafi.

Skip á veiðum:

## Sjóráeningjar ræna fiskinum

**SIÁVARÚTVEGUR** Sex til sjö sjóráeningjaskip frá löndum sem ekki eiga aðild að fiskveiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar hafa stundað ólöglegar veiðar á Reykjanes-hrygg á undanförunum mánuðum. Vitað er að einhver skipanna koma frá löndum eins og Dóminíku og Belís.

Á föstudag hafði Landhelgisgæslan spurnir af flutningaskipinu Sunny Jane, sem skráð er í Belís, sem ólöglega veiddum afla hafði verið umskipað í Sunny Jane var búið að boða komu sína í Hollandi samkvæmt hollensku strandgæslunni. Íslenska landhelgisgæslan hefur ekki haft neinar spurnir af Sunny Jane síðan. -ifv

## LÖGREGLUFRETTIR

**MEÐ TÓL TIL FÍKNIEFNANEYSLU Í FARTESKINU** Lögreglan í Vík í Mýrdal stöðvaði nokkra ökumenn fyrir of hraðan akstur í umdæminu í gær. Þeirra á meðal var einn sem hafði ekið bíl sínum á Mýrdalssandi á tæplega 130 kílómetra hraða á klukkustund. Við nánari athugun komu í ljós tæki til fíkniefnaneyslu og lítilræði af sterkum efnunum. Ökumaðurinn var þó ekki sjálfur undir áhrifum eftir því sem best er vitað.

# Sakar forystumenn frjálslyndra um ósannindi

Gunnar Örn Örlygsson segir formann og varaformann Frjálslynda flokksins fara með ósannindi í lýsingum á aðdraganda þess að hann sagði sig úr flokknum og gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn. Guðjón A. Kristjánsson, formaður frjálslyndra, hefur beðið kjósendur flokksins afsökunar á brotthvarfi Gunnars Arnar.

**STJÓRN MÁL** Gunnar Örn Örlygsson þingmaður segir formann Frjálslynda flokksins fara með ósannindi í yfirlýsingum um brotthvarf hans úr flokknum þegar hann fullyrðir að hvergi hafi gætt misræmis í málefnalegum áherslum milli Gunnars og þingflokksins. Hann vísar til bréfs sem hann skrifaði formanninum 18. nóvember síðastliðinn. Í því segist Gunnar ekki eiga samleið með flokknum nema til grundvallarbreytinga komi á störfum hans. Hann segir flokkinn hafa einangrað sig frá almennri umræðu um þjóðmál og telur honum líkt við gamla Alþýðubandalagið vegna upphrópana í hvert sinn sem talsmenn fyrir-tækja opni munninn.

„Flokkurinn er miklu frekar vinstri sinnaður en nokkurn tímann hægra megin við miðju. Flokkurinn hefur elt skottið á Steingrími og Össuri frá fyrsta

degi þessa kjörtímabils,“ segir í bréfinu.

Í Gullkristunni, málagnu Frjálslynda flokksins, sem út kom í gær biður Guðjón A. Kristjánsson formaður flokksmanna afsökunar á brotthvarfi Gunnars og segir sinnaskipti hans hafa komið mjög á óvart „því tveim tímum áður höfðum við rætt saman um þátttöku hans í eldhúsdagsumræðu daginn

eftir, 10. maí“.

Gunnar Örn segir fullyrðingar Guðjóns og Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, varaformanns frjálslyndra, rangar um að hvergi og aldrei hafi bólað á málefnalegum áherslum milli hans og þeirra. „Báðir hafa ítrekað komið fram og fullyrt þessi ósannindi. Það verða þeir að eiga við sig og getur varla talist þeim til framdráttar. Ég bið kjósendur Frjálslynda

flokksins afsökunar á hverflyndi þeirra sem eftir sitja í veikum þingflokki frjálslyndra,“ segir Gunnar Örn og telur flokkinn hafa brugðist kjósendum sínum. Þá gefur hann lítið fyrir vangaveltur um tímasetningu úrsagnar sinnar og áréttaði að Guðjón hefði fyrstur fengið að vita af ákvörðun sinni.

Þó freistandi hafi verið segist Gunnar hafa ákveðið að birta ekki umrætt bréf til Guðjóns þegar umskiptingarnar stóðu yfir. „Ég leyfði mér að trúá að forsvarsmenn frjálslyndra og sérstaklega Guðjón myndu mæta þessari ákvörðun minni með reisu. Því miður hefur hið önd-



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON



GUNNAR ÖRN ÖRLYGSSON

verða komið í ljós. Ég vona að birting bréfsins muni hreinsa mig af þeim ósannindum sem eftirstandandi þingflokkur frjálslyndra hefur haldið uppi og afhjúpi þá um leið sem rangt höfðu við.“

[olikt@frettabladid.is](mailto:olikt@frettabladid.is)



Eldur kom upp í sumarbústað í Tálknafirði:

## Þrjár taldir hafa fengið reykeitrún

**ELDSVODI** Þrjú menn voru fluttir á heilsugæslustöð Patreksfjarðar vegna gruns um reykeitrún eftir að eldur kom upp í sumarbústað í Tálknafirði aðfaranótt sunnundags. Samkvæmi var í bústaðnum og fjöldi manns var á svæðinu þegar eldur kom upp í geymslu í húsinu. Þegar slökkvilið og lögreglu bar að garði voru gestirnir búnir að slökkva eldinn að mestu og greiðlega gekk að slökkva það bál sem eftir lifði en rétt þótti að flytja þrjú menn á heilsugæsluna til aðhlyningar.

Geymslan sem kviknaði í er mikið skemmd af völdum elds og reyks og þá urðu talsverðar skemmdir af völdum reyks í öðrum innviðum bústaðarinnar. Eldsupptökin liggja ekki fyrir en samkvæmt lögreglunni er ekki ólíklegt að kviknað hafi í út frá glóð. - bs



FRÉTTABLAÐIÐ/BERGSTEINNA SIGURSSON

**NOKKUÐ SKEMMDUR** Fjöldi fólks var í gleðskap í bústaðnum þegar eldurinn kom upp.

Alltaf skynsamlegt



Ódýrt bensín

14 stöðvar!  
[www.ob.is](http://www.ob.is)

„Ef ég væri ríkur“

01-8044

Maður þarf ekki að hafa fundið upp rennilásinn til þess að vera ríkur eða hafa einkarétt á þotuhreyflum. Einungis með því að leggja pening í viðbótarlífeyrissparnað Allianz getur þú skapað þér digran sjóð til þess að hafa í bakhöndinni á efri árunum. Það er aðeins einn lífeyris-sjóður á Íslandi með tryggða lágmarksávöxtun – það er Allianz.

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | [allianz@allianz.is](mailto:allianz@allianz.is) | [www.allianz.is](http://www.allianz.is)

VIÐBÓTARSPARNAÐUR

**Allianz**   
– stendur með þér

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.06.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	65,65	65,97
Sterlingspund GBP	119,32	119,90
Evra EUR	80,59	81,05
Dönsk króna DKK	10,83	10,90
Norsk króna NOK	10,19	10,25
Sænsk króna SEK	8,82	8,88
Japanskt jen JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	96,69 97,27

## Gengisvísitala krónunnar

113,05 +1,49%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skógrækt fer sums staðar seint af stað:

## Minna plantað vegna þurrka

**SKÓGRÆKI** Skógarbændur hafa sums staðar frestað plöntun vegna undangenginna þurrka. Þá er hætt við að unglöntur hafi skemmt í næturfrostum og þurrki, sérstaklega þær sem bíða gróðursetningar.

Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi, segir Skógræktina þó ekki hafa lent í teljandi vandræðum vegna þurrka. „Við höfum plantað í land þar sem raki er nógur,“ sagði hann en á Suðurlandi er nokkuð um mýrar. Hreinn sagðist þó vita til þess að sums staðar hefðu skógarbændur þurft að breyta áætlunum sínum, sér-



**KIRKJUBÆJARKLAUSTUR** Skógarbændur í Vestur-Skaftafellssýslu hafa þurft að fresta plöntun nýrra trjáa vegna mikilla þurrka sem varað hafa í nokkrar vikur. Hætt er við að eitthvað hafi skemmt af ungum plöntum þar sem fóru saman næturfrosts og þurrka.

staklega þar sem ekki er votlent.

Sólveig Pálsdóttir, skógarbóndi í Prestsbakkakoti í Skaftafellssýslu, segist ekkert vera byrjuð að planta þetta vorid og þá hafa þeir orðið að hætta sem eitthvað voru byrjaðir að planta í nágrenninu.

Sólveig segist ekki muna eftir öðrum eins þurrkum þau tíu ár sem hún hefur stundað skógrækt. „Hins vegar eru vorin öft þurr hérna, en þó ekki undanfarin ár. Við erum samt bjartsýn. í dag var skúragangur í dag og spár rigningu. Hér hefur heldur ekki skemmt mikið af



HREINN ÓSKARSSON

plöntum, enda erum við það austarlega að við sluppum við mesta næturfrostoð.“ - ók



**DEREK LOVELOCK FORSTJÓRI MOSAIC** Fagfjórðingur voru áhugasamir fyrir því að kaupa hlutafé í Mosaic Fashions á dögunum. Í dag hefst hlutafjárútbót til almennings.

Tískuverslunarkeðjan Mosaic:

## Útboðið hefst

**VIÐSKIPTI** Almenn hlutafjárútbót Mosaic Fashions hf. til almennra fjárfesta hefst í dag. Í boði eru 90 milljónir hluta og selst hver hlutur á 13,6 krónur.

Edda Rós Karlsdóttir, hjá Landsbankanum, segir að sér sýnist að Mosaic Fashions sé verðmetið í takt við sambærileg fyrirtæki í Bretlandi. Hún telur vera góðar líkur fyrir því að allt hlutaféð seljist.

Íslandsbanki ætlar ekki að gefa út greiningu á Mosaic fyrr en að skráningu lokinni að sögn Atla B. Guðmundssonar hjá Íslandsbanka. Bankinn hefur bent á að lokað hlutafjárútbót, sem fram fór til fagfjórðinga í maí, hafi gengið vel en eftirspurn var fjórfalt meira en framboð.

## BANDARÍKIN

**VILL LOKA FANGABÚÐUM** Öldungadeildarþingmaðurinn Joseph Biden telur að Bandaríkin þurfi að loka fangabúðum sínum í Guantanamo-flóa á Kúbu og færa fangana á hentugri stað. Nýlega gagnrýndu samtökin Amnesty International búðirnar og sögðu þær „gúlag“ okkar tíma.

## HANDTEKNIR VEGNA STÚLKUHVARFS

Tveir menn hafa verið handteknir í tengslum við hvarf 18 ára stúlku frá Alabama í Bandaríkjunum sem ekkert hefur spurð til í eina viku. Stúlkan var í skólaferð í Aruba þegar hún týndist. Mennirnir, sem eru 28 og 30 ára, hafa ekki enn verið ákærðir.

## Stuðningurinn við sáttmálann dvínar enn

Bæði Frakkar og Hollendingar hafa nú hafnað stjórnarskrá Evrópusambandsins. Bretar ætla að fresta þjóðatkvæðagreiðslu og Svíar og Danir eru langt því frá jafn einarðir stuðningsmenn og áður.

**EVROPUSAMBANDIÐ** Þótt Gerhard Schröder, kanslari Þýskalands, og Jacques Chirac Frakklandsforseti hafi hvatt til að fullgildingarferli stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins haldi áfram virðist ljóst að stuðningurinn við hann er að fjara út.

Chirac og Schröder hittust í Berlín um helgina til að ræða næstu skref í gildistökuferlinu. Þeir lýstu því sameiginlega yfir í kjölfar fundarins að þeir teldu rétt að halda ferlinu áfram og það væri nauðsynlegt að hvert og eitt ríki fengi tækifæri til að segja sína skoðun á umdeildri stjórnarskrá Evrópusambandsins.

Allar líkur eru hins vegar taldar á að Jack Straw utanríkisráðherra lýsi því yfir í breska þinginu í dag að þjóðatkvæðagreiðslu um sáttmálann verði slegið á frest eða jafnvel aflýst þar sem franskir og hollenskir kjósendur eru búnir að hafna plagginu.

Peter Mandelsson, yfirmaður viðskipta í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og fyrrverandi ráðherra í stjórn Blairs, skrifaði reyndar í breska blaðið Observer í gær að óds manns æði væri að hafna sáttmálanum og hvatti ríkisstjórnina til að fresta ekki þjóðatkvæðagreiðslu. Hann segir þó augljóst að ekki hafi tekist sem skyldi að sannfæra almenning um gagnsemi skjalsins.

Í Svíþjóð stóð til að þingið staðfesti stjórnarskrána en nú virðist komið babb í bátinn í kjölfar úrslitanna í síðustu viku. Vinstriflokkurinn sem er einn þeirra flokka sem ver minnihlutastjórn jafnaðarmanna falli hefur nú hóttað því að hætta stuðningi við hana ef fullgild-



**FÓSTRÆÐUR FALLAST Í FAÐMA** Leiðtogar Frakklands og Þýskalands hittust til að ræða næstu skref í fullgildingarferli stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins.

ingrarferlinu verður framhaldið. Hins vegar er talið ólíklegt að flokkurinn standi við þær hótanir þar sem staða hans er mjög veik eftir að fyrrverandi formaður flokksins, Gudrun Schyman, stofnaði kvennaframboðið Feministisk initiativ.

Í Danmörku þar sem flestir stjórnsmálaflokkarnir hafa verið

hlyntir stjórnarskránni virðist stuðningurinn einnig fara þverrandi. Enginn flokkanna hefur þó fengist til að segja að blása skuli fyrirhugaða þjóðatkvæðagreiðslu af en á móti kemur að enginn flokkanna er heldur tilbúinn að lofa því að af atkvæðagreiðslunni verði.

oddur@frettabladid.is

## Saddam Hussein: Ákærður fyrir illvirki

**BAGDAD, AP** Saddam Hussein getur átt yfir höfði sér að verða ákærður fyrir allt að 500 atríði þegar réttað verður í máli hans. Hins vegar þykir líklegt að hann verði einungis ákærður fyrir tólf vel ígrunduð atríði þar sem það væri tímasóun að ákæra hann fyrir alla hans glæpi sagði talsmaður forsætisráðherra Íraks í gær. Á meðal brotanna sem hann verður sóttur til saka fyrir er efnavopnaárs gegn Kúrdum í bænum Halabja sem kostaði fjölda fólks lífi.

Dagsetning réttarhaldsins yfir Saddam hefur ekki verið ákveðin endanlega en það mun fara fram á einhvern tímann á næstu tveimur mánuðum. ■



SADDAM HUSSEIN

## Danska konungsfjölskyldan: Barnið verður ríkisarfi

**DANMÖRK** Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, hyggst beita sér fyrir því að lögum verði breytt á þann veg að tryggt verði að barn Friðriks krónprins og Mary Donaldsson verði ríkisarfi hvort sem það verður piltur eða stúlka. Þjóðernissinnaði flokkurinn Dansk Folkeparti hefur beitt sér mjög fyrir því að ríkisarfi geti einungis verið piltur en aðrir flokkar hafa lýst þeirri skoðun að það eigi ekki að skipta máli.

Sósíaldemókratar, Radikale og Sósíalíski þjóðarflokkurinn vilja breyta stjórnarskránni til að tryggja þetta en því vísar forsætisráðherrann á bug, segir að venjuleg lagabreyting dugi. ■

OPNUM 10. JÚNÍ

Nýtt viðmið  
– nýr bar og veitingastaður  
í hjarta Reykjavíkur

– býður upp á alþjóðlegan matsæðil úr íslenskum gæðahráefnum

**SALT**  
Lounge Bar & Restaurant

Salt Lounge Bar & Restaurant  
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavík, sími 599 1000, fax 599 1001


## VEÐRIÐ Í DAG

**Blessuð rigningin!** Jæja .. loksins, loksins fer að rigna! Það má reikna með dágóðri vætu í dag og á morgun en á miðvikudaginn fer að draga úr vatnsveðrinu og styttingu upp með kvöldinu. Það hlýnar verulega fyrir austan um miðbik vikunnar en hitinn verður á svipuðu róli sunnan- og vestanlands. Í dag má búast við einhverjum vindi víða sunnan- og vestanlands, jafnvel strekkingi um tíma. Næsta helgi lofar mjög góðu og ef fer sem horfir má reikna með bjartviðri og hægum vindi!



Kveðja, Guðriður Arnardóttir náttúrufræðingur.


## 1 dag



## Veðrið úti í heimi í dag


Kaupmannahöfn	13°C léttskýjað	Edinborg	16°C léttskýjað
London	16°C léttskýjað	Stokkhólmur	10°C skýjað
Paris	17°C skýjað	Barcelona	25°C heiðskýrt
Budapest	22°C sk.m.köflum	Helsinki	11°C skýjað

## Á morgun



Vestlæg átt og nokkur vindur. Vætusamt um allt land.

## Miðvikudagur



Gæti háltað sér í norðrið um tíma með einhverri úrkomu þar.


Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# oasis



## coast

### Whistles LONDON



## Mosaic Fashions hf

# Almennt hlutafjárútboð hefst í dag

Hlutafjárútboð Mosaic Fashions hf. hefst í dag, mánudaginn 6. júní klukkan 10.00, og stendur til föstudagsins 10. júní.

Tekið er við áskriftum á vef KB banka, [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is)

Lágmarksáskrift er að andvirði 100 þúsund króna og hámarksáskrift 30 milljónir króna. 90.661.831 nýr hlutur er boðinn almenningi á genginu 13,6 krónur fyrir hvern hlut, samtals að andvirði 1.233.000.902 króna. KB banki hefur sölutryggt útboðið að fullu á útboðsgengi.

Síðari hluta júnímánaðar er fyrirhugað að skrá hluti félagsins á Aðallista Kauphallar Íslands.

Útboðs- og skráningarlysing er gefin út á ensku undir heitinu Prospectus. Lýsinguna má nálgast hjá KB banka, Borgartúni 19 í Reykjavík og á vef bankans.

Ráðgjöf KB banka veitir upplýsingar vegna hlutafjárútboðsins í síma 444 7000.

### Útgefandi

Íslenskt lögheiti: M Fashions hf. Alþjóðlegt lögheiti: Mosaic Fashions hf. Kennitala: 550405-0320. Lögheimili: Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík. Sími: 414 4125. Höfuðstöðvar: 1st Floor, 69-77 Paul Street, London, EC2A 4PN, England. Sími: +44 (0) 207 452 1000. Vefur: [www.mosaic-fashions.co.uk](http://www.mosaic-fashions.co.uk)

### Umsjónaraðili útboðs og skráningar

Fyrirtækjaraðgjöf Kaupþings banka hf. (KB banka). Kennitala: 560882-0419. Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Sími: 444 6000. Vefur: [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is)

### Skráning áskriftar

Áskrift í almenningi útboðinu er opin einstaklingum með íslenska kennitölu og lögaðilum sem hafa íslenska kennitölu, að því gefnu að þeim sé ekki meinuð þátttaka samkvæmt lögum.

Áskriftum í hlutafjárútboðinu er einungis hægt að skila rafrænt á sérstöku áskriftarformi á vef KB banka, [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is).

Áður en kemur til áskriftar þarf fjárfestir að gera grein fyrir sér með eftirfarandi aðgangsaðkennum á áskriftarforminu;

(A) með notandanafni og lykilorði fyrir KB Netbanka, eða (B) með kennitölu og lykilorði sem fjárfestir pantar við upphaf áskriftar og fær sent um hæl með tölvupósti.

Rafræn staðfesting er skilyrði fyrir gildri áskrift. Staðfestingin er birt í lok áskriftar og hana má prenta út. Eftir að áskrift hefur verið gerð og fram til 31. júlí 2005 er einnig hægt að nálgast rafræna staðfestingu á

vefsíðunni með því að nota sömu aðgangsaðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast staðfestinguna í KB Netbanka.

Áskrift í útboðinu er bindandi fyrir áskrifanda. Útgefanda er heimilt að krefjast tryggingar frá fjárfestum sem skrá áskrift er nemur fjárhæð yfir 5 milljónum króna.

### Úthlutun

Komi til þess að áskriftir verði umfram þann 90.661.831 hlut sem boðinn er í útboðinu, þá verður seldum hlutum úthlutað til áskrifanda með eftirfarandi hætti:

(A) Hlutfallslegur niðurskurður mun nema allt að 50% af hverri áskriftarfjárhæð, og (B) ef samanlagðar áskriftir eru enn umfram 90.661.831 hlut eftir niðurskurð sbr. (A), þá verður til viðbótar beitt flötum niðurskurði þannig að hámark úthlutaðrar áskriftar lækki uns samanlagðar áskriftir nema 90.661.831 hlut.

### Greiðsla

Frá og með 11. júní má nálgast tilkynningu um úthlutun ásamt greiðslufyrirmælum á vefsíðu KB banka með því að nota sömu aðgangsaðkenni og við skráningu áskriftar. Einnig má nálgast upplýsingarnar í KB Netbanka. Upplýsingar um úthlutun og greiðslufyrirmæli verða einnig send kaupendum við lok áskriftartímabilsins. Greiðslufyrirmæli verða ýmist í formi greiðsluseðils sem greiða má í íslenskum banka, sparisjóði eða netbanka, eða í formi upplýsinga sem lúta að greiðslu gegnum erlendan banka.

Greiðsla skal inna af hendi eigi síðar en 20. júní 2005 í samræmi við ofangreind greiðslufyrirmæli.

### Útgáfa og afhending hluta

Í kjölfar útboðsins er gert ráð fyrir að heildarhlutafé Mosaic Fashions hf. nemi 2.900.461.613 hlutum. Hinir nýju hlutir sem seljast í útboðinu verða gefnir út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. einum degi eftir að fjórðungur samanlagðra áskrifta hefur verið greiddur. Gert er ráð fyrir að útgáfudagur verði eigi síðar en 21. júní 2005. Eftir útgáfuna verða hlutir afhentir hverjum kaupanda einum viðskiptadegi eftir að greiðsla berst.

### Skráning í Kauphöll

Stjórn Kauphallar Íslands hf. hefur samþykkt að skrá alla útgefna hluti Mosaic Fashions hf. á Aðallista Kauphallarinnar, að því gefnu að Mosaic Fashions hf. uppfylli skilyrði varðandi fjölda hluthafa og dreifni hluta að útboðinu loknu. Stjórnin hefur veitt undanþágu á skilyrði um þriggja ára rekstrarsögu þar sem samstæða Mosaic Fashions hf. uppfyllir skilyrðin þrátt fyrir að móðurfélagið hafi verið stofnað á fyrstandandi ári. Mosaic Fashions hf. uppfyllir nú þegar skilyrði Kauphallarinnar varðandi stærð félags. Óskað hefur verið eftir því að MOSAIC verði auðkenni félagsins og hlutabréfa þess hjá Kauphöllinni. Viðskiptalota bréfanna verður 5.000 hlutir.

Niðurstaða útboðsins verður tilkynnt Kauphöll Íslands og fjölmiðlum hinn 10. júní 2005 eftir klukkan 17:00 og birt í fréttakerfi Kauphallarinnar 13. júní 2005. Skráning í Kauphöll Íslands er fyrirhuguð eigi síðar en hinn 21. júní 2005, en endanleg dagsetning verður tilkynnt með dags fyrirvara í fréttakerfi Kauphallarinnar.



Drögum á morgun



# Aðalvinningur Ford Mustang

árgerð 2005 - í hverri viku í júní

3 milljónir í skottið að auki  
ef þú átt tvöfaldan miða

Dregið 52 sinnum á ári um 705 skattfrjálssar milljónir!

Hringdu núna  
**561 7757**

Kíktu á netið  
**www.das.is**

HAPPDRETTI

**das**

-vinningur í hverri viku



## VEISTU SVARID?

- 1 Hver er forseti palestínsku heima-stjórnarinnar?
- 2 Hvaða þjóð var hlutskörpust í Norðurlandamóti í ökuleikni vagnstjóra?
- 3 Hver skoraði síðara mark Íslendinga í landsleiknum gegn Ungverjum?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Mjótt var á mununum í þjóðaratkvæðagreiðslu í Sviss:

# Sviss verður hluti af Schengen

**GENEVE** Svisslendingar samþykktu í gær Schengen-samkomulagið með naumum meirihluta í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Evrópusambandið fékk því styrk úr óvæntri átt á annars erfiðum tímum í sögu sambandsins. Sviss hefur hingað til viljað standa utan við flest það sem hefur með Evrópusamvinnu að gera og eru hvorki í Evrópusambandinu né eiga þeir aðild að evrópska efnahagssvæðinu.

Einnig var kosið um aukin réttindi samkynhneigðra og er það í fyrsta skipti sem þjóðaratkvæðagreiðsla á sér stað um þau málefni í Evrópu. Um 58% kjós-



**TALNINGAMENN AÐ STÖRFUM** Svisslendingar kusu í gær um gildistöku Schengen-samkomulagsins og einnig um réttindi samkynhneigðra.

enda samþykktu að veita samkynhneigðum stórukin réttindi. Meðal þeirra réttinda má telja að samkynhneigð þör skulu hafa sömu lagalegu stöðu og gagnkynhneigð hvað varðar skattgreiðslur og lífeyrisréttindi en mega þó hvorki ættleiða né gangast undir glasafrjövungunaradgerðir.

Niðurstöður kosninganna þykja sýna að Svisslendingar vilji gjarnan hafa meira við Evrópusambandið að selda. Samuel Schmid forsætisráðherra sagði niðurstöðurnar staðfesta gagnkvæman vilja um aukin samstarf. ■

Lögreglan ánægð:

## Lítið um óspektir

**LÖGREGLUMÁL** Þó að víða hefði verið erill hjá lögreglu um land allt voru lögreglumenn almennt afar ánægðir með helgina. Dansleikir voru víða eins og ávallt fyrir sjómannadaginn en það er af sem áður var að kvíði væri í mönnum vegna þess enda hefur þessi helgi undanfarin ár verið með besta móti.

Lítið var um pústra og slagsmál á landsvísu og ekki voru fleiri ölvaðir ökumenn teknir en á venjulegri helgi Hafði enda einn lögregluáðurinn á orði að sjómannadagshelgin væri orðin tilhlökkunarefni.

- aðe

## Meistaraskóli hótel- og matvælagreina

Nú stendur yfir innritun í meistaranám fyrir bakara, framreiðslumenn, kjótiðnaðarmenn og matreiðslumenn

Nánari upplýsingar og innritun hjá áfangastjóra verknáms, Baldri Sæmundssyni, eða fagstjóra meistaranáms, Guðlaugu Ragnarsdóttur, í síma 594 4000 frá kl. 9:00 til 15:00.

Netföng: [bs@mk.is](mailto:bs@mk.is) - [gr@mk.is](mailto:gr@mk.is)

Umsóknarfrestur er til 15. nóv. 2005.



**HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN**  
HOSPITALITY AND CULINARY SCHOOL OF ICELAND

Menntaskólinn í Kópavogi v. Digranesveg, 200 Kópavogur, sími 594 4000, [www.mk.is](http://www.mk.is)



**KRAUMAR Í SLÖKKVILIÐSMÖNNUM** Einum reyndasta slökkviliðsmanni landsins var gert að taka pokann sinn eftir deilur við yfirmann sinn. Félögum hans hjá Slökkviliði Akureyrar sárnar meðferðin og hefur komið til tals þeirra í millum að segja upp störfum.

# Slökkviliðsmenn íhuga uppsagnir

Slökkviliðsmenn á Akureyri eru afar ósáttir við framkomu slökkviliðsstjórans gagnvart kollega þeirra sem endaði með því að við hann var gerður starfslokasamningur. Uppsagnir í mótmælaskyni hafa komið til tals.

**ATVINNUMÁL** Ólga er meðal starfsmanna hjá Slökkviliði Akureyrar eftir að einn reyndasti starfsmaður stöðvarinnar var látinn taka pokann sinn í kjölfar deilna við slökkviliðsstjóran. Er óánægjan svo megn að til tals hefur komið að starfsmennirnir segi upp allir sem einn í mótmælaskyni.

Málið er viðkvæmt, enda um einn reyndasta slökkviliðsmann á landinu að ræða, og átti hann meðal annars sæti í stjórn Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um hríð. Í þeirri sömu stjórn er einmitt slökkviliðsstjóri Akureyrar, Erling Þór Júlínusson, en sá hefur oftast en einu sinni lent upp á kant við undirmenn sína og þurfti í þessu tilviki bæjarstjóri Akureyrar og bæjarráð allt að skerast tvisvar í leikinn. Í fyrra tilfellinu sagði Er-

lingur manningnum upp varðstjóra-stöðu að tilefnislausu. Þegar viðkomandi hótaði bænum lögsókn vegna þess skárust bæjaryfirvöld í málið og sátt náðist um að hann kæmi aftur til greina í starfið. Slökkviliðsstjórinn virti þá ákvörðun þó ekki og skarst þá aftur í odda með mönnum tveimur. Varð niðurstaðan sú að slökkviliðsstjórinn hafði sitt fram og gerður var starfslokasamningur við undirmanninn. Skipti þar mestu að bæjarstjórinn, Kristján Þór Júlínusson, var á bandi slökkvistjórans. Ekkert er þó um þetta að finna í fundargerðum bæjarins enda voru þær hörðu umræður sem um málið urðu innan bæjarráðs færðar í sérstaka trúnaðarbók sem áhugasamir íbúar Akureyrar eða aðrir hafa ekki aðgang að.

Slökkviliðsstjórinn hefur að sögn heimildarmanna ekki látið þar við sitja heldur notað áhrif sín til að koma í veg fyrir að undirmanninn fái starf í sama geira annars staðar á landinu.

Fyrir hönd Landssambandsins vildi Sverrir Björn Björnsson, varaformaður, hvorki tjá sig um hvers vegna reyndur félagsmaður væri gerður útlægur með þessum hætti né hafði hann áhyggjur af því að Ólga skyldi vera svo mikil meðal annarra starfsmanna Slökkviliðsins á Akureyri að þeir íhuguðu í fyllstu alvöru uppsagnir. „Þessu máli er lokið og ef eitthvað hefur verið um það rætt innan okkar raða gef ég ekkert upp um það.“

Erling Þór Júlínusson vildi ekki tjá sig þegar eftir því var leitað.

[albert@frettabladid.is](mailto:albert@frettabladid.is)

Shoe Studio Group:

## Stefnir að skráningu í Kauphöllina

**VÍÐSKIPTI** Don McCarthy, forstjóri Shoe Studio Group, hefur áhuga á því að skrá félagið í Kauphöll Íslands næsta haust en þetta kom fram hjá Sunday Express. Shoe Studio rekur meðal annars tískuverzlunarkerðjurnar Principles and Warehouse auk þess að reka skóverslanir.

Um 70 prósent hlutafjár eru í eigu stjórnenda Shoe Studio en Baugur Group, KB banki, Kevin Stanford, Magnús Ármann og Sigurður Bollason eiga minni hluti.



**SKÓR Í KAUPHÖLLINA?** Stjórnendur Shoe Studio Group, sem er að hluta til í eigu íslenskra fjárfesta, hafa hug á því að skrá félagið í Kauphöllina.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins velta þessar hugmyndir nokkuð á því hvaða viðtökur Mosaic Fashions, sem hefur sölu á nýju hlutafé til almennings í dag, fær en Baugur Group og KB banki eru meðal eigenda Mosaic. Menn telja að eftirspurn sé eftir félögum af þessari stærðargrðu á Íslandi og því sé mun ákjósanlegra að skrásetja félag á borð við Shoe Studio hérlandis fremur en í Bretlandi þar sem það gæti „týnst“ meðal fjölmargra smásölufrirtækja.

- eþa

# BJARTIR DAGAR

Í HAFNARFIRÐI

Í dag...

MÁNUDAGUR 6. júní

20:00 Á SUMARKVÖLDI. Tónleikar Kammerkórs Hafnarfjarðar í Hásölum. Á efnisskránni eru m.a. íslensk og erlend þjóðlög, norræn kórátónlist og fleira.

Aðgangseyrir er kr. 1.000 / 500 fyrir nemendur og eldri borgara.

Miðar eru seldir við innganginn.

Bjartir  
Dagar



sph

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 - Sími 585 5500 - [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000



## Mér var hleypt út 28. janúar.

„Eftir að hafa setið inni í 3 ár með takmarkað niðurhal og allt of lítinn hraða tók Hive á móti mér með öllu því frelsi sem háhraðatenging og ótakmarkað niðurhal hefur upp á að bjóða.

Ég ætla aldrei aftur að láta taka mig svona í ...“

**Matthías Emanúel Pétursson**  
Lambhóli við Ægissíðu, 107 Reykjavík

5.990\*

**HiveMax**

Þráðlaust internet  
Ótakmarkað niðurhal  
Allt að 12Mb hraði

\*Hive Max færir þér 12Mb tengingu, ótakmarkað niðurhal, þráðlaust internet og fullkominn tækjabúnað ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 5.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 [hive@hive.is](mailto:hive@hive.is)

**Hive**



# Hljómfagur flutningur

Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur

**Verslunarsvið Ormsson er nú í tvennu lagi:**

Á gamla staðnum í Lágmúla eru nú sem áður öll eldhústækkin og innréttingar, ásamt þvottavélum og þurrkurum, meðan hljómtækja- og skrifstofutækjadeildin er búin að hreiðra um sig í **Síðumúla 9**, þar sem *Mál og Menning* var til margra ára og *Bílaust* þar á undan.

Þetta þýðir að nú fer betur um menn og tæki og Pioneer, Sharp, Samsung, Olympus, Nikon, Nintendo, Jamo, Loewe og öll hin gæðamerki Ormsson njóta sín nú sem aldrei fyrr og þjónustan sömuleiðis. Sama má segja um AEG, HTH innréttingar og önnur merki í Lágmúlanum.



Hljómtækja- og skrifstofutækjadeild ORMSSON flytur í Síðumúla 9



**Pioneer**  
 PIONEER DCS-222  
 HEIMABIÓ  
**Tilboðsverð:**  
 kr. 39.900  
~~kr. 49.900~~

**OLYMPUS**



3JA ÁRA  
 OLYMPUS  
 ÁBYRGÐ  
 HJÁ ORMSSON

æði!!!

4.0 milljón pixlar  
 OLYMPUS MJU-MINI  
 STAFRÆN MYNDAVÉL

**Tilboðsverð: kr. 19.900**



**SAMSUNG**

VIDEO OG DVD SPILARI



SAMSUNG SV-DVD440

**Tilboðsverð:**  
 kr. 16.900

SAMSUNG VIDEO-DVD-DivX-640

**Tilboðsverð:**  
 kr. 19.900



**SHARP**

SHARP  
 LCD SJÓNVARP

**Tilboðsverð:**  
 15".... kr. 59.900  
~~kr. 69.900~~

32".... kr. 219.900

Lítið í heimsókn!



Öruggar og  
 þægilegar  
 sjóðvélar

**SHARP**

SHARP ER-A180

• 10/30 vöruflokkar • Allt að 400 PLU númer  
 • Sjálfvirk dagsetning og tími • Kalkerandi  
 strimill • 4 afgreiðslumenn

**Tilboðsverð**

**Kr. 28.900 m/vsk**

Sterkir og skýrir SHARP skjávarpar



**SHARP**

SHARP PG-B10S

• Skjávarpi • Birta: 1200 ANSI LUMEN  
 • Upplausn: SVGA 800 x 600  
 • Þyngd: 2.9 kg

**Tilboðsverð**

**Kr. 89.900 m/vsk**

**3ja ára ábyrgð**



**SHARP**

SHARP PG-A10X

• Skjávarpi • Birta: 1300 ANSI LUMEN •  
 Upplausn: XGA 1024 x 768  
 • Þyngd: 2.9 kg

**Tilboðsverð**

**Kr. 129.900 m/vsk**

Fjöldi annarra tilboða.

Framúrskarandi  
 faxtæki fyrir  
 fjölskyldur  
 og fyrirtæki

**SHARP**

SHARP UX-P410

• Faxtæki/sími • Hitafilmuprentun • 50 blaða  
 pappírshakki • 10 blaða arkamatari • 448Kb  
 móttöku minni (24bls)

**Tilboðsverð**

**kr. 12.900 m/vsk**

Hágæða prentun og ljósritun fyrir  
 allar stærðir fyrirtækja



**SHARP**

AL-1552

Prentari/skanni/ljósritunarávél

**Tilboðsverð**

**kr. 59.900**



**SHARP**

AR-M160D

Prentari/skanni/ljósritunarávél

**Tilboðsverð**

**kr. 119.900**

OPNUNAR  
 TILBOÐ!

VELKOMIN Í NÝJA VERSLUN

**ORMSSON**  
 SÍÐUMÚLA 9

Nánari upplýsingar á [www.ormsson.is](http://www.ormsson.is)





# Veldu vél við þitt hæfi!

## Stafræn myndavél



**Myndflaga**  
3.2 milljón pixla myndflaga tryggir skýra og skarpa mynd.

**Litaskjár**  
1.6" litaskjár þar sem allar aðgerðir sjást

**Hreyfimyndir**  
Tekur upp hreyfimyndir hálfu mínútu í einu

**Aðdráttur**  
5x digital aðdráttur tryggir að öll smáatriði sjást í fullum gæðum

3.2 megapíxlar

**Kodak**

CX7310

**FRÁBÆRT VERÐ 12.999**

## Stafræn tókuvél



**SONY GÆÐI**

**CCD myndflaga**  
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

**Carl Zeiss linsa**  
Carl Zeiss linsan gefur hámarks djúpt og litaðgreiningu myndarinnar

**2,5" Litaskjár/ Snertiskjár**  
Björt og skýr mynd og allar stillingar framkvæmdar á skjánum.

**Snertiskjár!**

**Tengistöð fylgir**

**SONY**

SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC22

**4.999**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**59.988**  
STADGREITT

## Stafræn myndavél



**SONY GÆÐI**

**2" litaskjár**  
Stór og vandaður 2.0" litaskjár og þú sérð vel allar myndir sem eru teknar á DSC-S80.

**Carl Zeiss linsa**  
Með 3x optical Carl Zeiss Vario Tessar linsunni í DSC-S80 eru gæðin tryggð jafnvel niður í minnstu smáatriði.

**MPEG Movie**  
Það er ekkert mál að taka videomyndir eins lengi eins og minnið leyfir.

**Hleðslurafhlióður**  
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

4.1 megapíxlar

**SONY**

Sony Cyber-shot 4.1 MI DSC-S80

**2.499**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**29.988**  
STADGREITT

## Stafræn tókuvél



**DV tengi og USB2**  
Mikil tenginguleikar við PC og Apple vélar

**NightView 0 LUX**  
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin - þú nærð samt góðum upptökum.

**800x aðdráttur**  
Með 800x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

**2,5" Litaskjár**  
Hágaða LCD litaskjár sem þú snúir eftir hentugleika. Allar stillingar koma á skjáinn.

**BT Bestu kaupin**

**Panasonic**

MiniDV videovél NVGS17B

Windows Movie Maker Klippitu sjálfur í tölvu

**3.299**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**39.588**  
STADGREITT

## Stafræn myndavél



**SONY GÆÐI**

4.1 megapíxlar



**Litaskjár**  
Vandaður 1.5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.

**Aðdráttur**  
3x optical 4,1 Mp, Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hámarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.

*Carl Zeiss linsa! Glesileg hönnun!*

**1.999**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**23.988**  
STADGREITT

**SONY**

Sony Cyber-shot DSC-L1

Ótrúlega létt og nett, vegur aðeins 124 grömm og fer auðveldlega í vasa.

## Stafræn tókuvél



**Snertiskjár!**

**640X aðdráttur**  
Með 640x digital og 20x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

**CCD myndflaga**  
800.000 pixla CCD myndflagan tryggir þér betri myndgæði en þú átt að venjast

**Carl Zeiss linsa**  
Carl Zeiss linsan gefur hámarks djúpt og litaðgreiningu myndarinnar

**2,5" Litaskjár/ Snertiskjár**  
Björt og skýr mynd og allar stillingar framkvæmdar á skjánum.

**SONY GÆÐI**

SONY MINIDV TÖKUVÉL DCR-HC19

**3.999**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**47.988**  
STADGREITT

## Stafræn myndavél



**SONY GÆÐI**

4.1 megapíxlar



**Litaskjár**  
Vandaður 1.5" hybrid litaskjár tryggir frábær myndgæði og skerpu jafnvel þegar verið er að taka myndir í mikilli birtu.

**Aðdráttur**  
3x optical 4,1 Mp, Carl Zeiss Vario Tessar linsan gefur hámarks gæði og þú nærð smáatriðum sem skipta máli í fullum gæðum.

**Hleðslurafhlióður**  
Með STAMINA tækninni eða allt að 440 myndir á hverri hleðslu.

**SONY GÆÐI**

**1.599**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**19.188**  
STADGREITT

**SONY**

Sony Cyber-shot DSC-S40

## Stafræn tókuvél



**ColorNightView 0 Lux**  
Það skiptir ekki máli þótt birtan sé engin þú nærð samt góðum upptökum.

**500x aðdráttur**  
Með 500x digital og 24x optical aðdrætti nærðu öllum smáatriðum sem þú vilt.

**Ljósmyndataka**  
Tökuvélin er líka ljósmyndavél 1.7 milljón pixla. Notaður SD kortið eða taktu ramma úr hreyfimynd.

**Panasonic**

MiniDV videovél NVGS75B

**4.999**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST  
**59.988**  
STADGREITT



MasterCard VISA

\*\*Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætt við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



# Góð málning á betra verði

Þú getur sparað tugi þúsunda með því að kaupa málninguna á húsið hjá okkur



**Alfacryl**  
Útimálning (hvít), 10 lítrar  
**2.990,-**



**DekaCryl útimálning**  
Múrmálning, 10 lítrar – allir litir  
**3.990,-**



**Collstrop**  
Gagnsæ viðarvörn, 5 lítrar  
**2.990,-**

Allar málningarvörur  
á sannkölluðu tilboðs-  
verði – ALLTAF!



**Málningarfata**  
með hólfi fyrir pensil  
**599,-**



**Spekter**  
Pensill 2 1/2"  
**390,-**

**Spekter**  
Pensill fyrir skaft  
**949,-**



**Málningarrúlla**  
705825 + 763025  
**590,-**



Samkvæmt niðurstöðum óháðra rannsókna frá DANISH TECHNOLOGICAL INSTITUTE er Dekacryl múrmálningin betri í 2 af 3 rannsóknaratriðum en leiðandi innlend útimálning frá stærsta innlenda framleiðandanum.



Hjá okkur er útimálningin um 35% ódýrari en sértíloð helstu samkeppnisaðila okkar

**MÚRBÚÐIN**  
Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is







Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 2.14	13.11	24.12
AKUREYRI 2.14	13.11	24.12

Heimild: Almanak Háskólans

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er mánudagurinn 6. júní,  
157. dagur ársins 2005.

### FASTEIGNASÖLUR

#### FASTEIGNASÖLUR

- 101 Reykjavík 38-39
- Árborgir 33
- Ás 34-35
- DP fasteignir 9
- Draumahús 26-31
- Eignakaup 41
- Eignamiðl. Suðurnesja 18
- Eignastýring 36
- Fasteignamarkaðurinn 12
- Fasteignamiðlun 13
- FMG 13
- FMH 18-19
- Hóll 23
- Húsaland 37
- Höfði 10-11
- Kjöreign 15
- Lundur 16-17
- Lyngvík 22
- Neteign 24
- Nethús 8
- Nýtt heimili 40
- Remax 44-49
- Valhöll 43
- Pingholt 33
- X-hús 10

### SMÁAUGLÝSINGAR byrja í dag á bls. 42

#### Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnaði
- Atvinna
- Tilkynningar

# allt-fasteignir

hús o.fl.

Skrautepli á Teigunum BLS. 2  
Tískan í sumarblómunum BLS. 4

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Fyrir utan húsið er sameiginlegur garður í góðri rækt.

## Draumahús við Tjörnina

Fasteignasalan 101 Reykjavík er nú með til sölu 109,6 fermetra hæð og ris á Bjarkargötu 14 á eftirsóttum stað við Tjörnina.

Íbúðin skiptist í forstofu, gang, tvær samliggjandi stofur, tölvuherbergi, eldhús, og snyrtingu. Frá eldhúsi er útgengt á mjög stórar suðursvalir. Í risi er hol, tvö svefnherbergi og baðherbergi. Í kjallara er sameiginlegt þvottaherbergi.

Komið er inn um sameiginlegan inngang og þaðan upp teppalagðan gang upp á hæðina. Þaðan er gengið inn á parketlagðan gang. Við enda gangsins er glæsilegt eldhús, parket á gólfi, tengt fyrir uppþotta-

vél, borðkrókur, útgengt á stórar suðursvalir. Á vinstri hönd frá gangi eru tvær samliggjandi stofur og parket á gólfi. Á hægri hönd við gang er snyrting með flisum á gólfi og á hluta veggja. Þar við hliðina er gott tölvuherbergi með parketi á gólfi.

Í risinu er komið inn á flísalagt hol. Frá holi er gengið inn í aðra vistarveru. Tvö svefnherbergi, annað ný flísalagt og hitt með góðu skápláss og málað gólf. Baðherbergið er upprunalegt en býður upp á mikla möguleika.

Úti er sameiginlegur garður í góðri rækt.

Ásett verð er 29.9 milljónir.

## LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

Nýtt fjölbýlishús við Garðaholt á Fáskrúðsfirði er að rísa. Fyrir stendur fyrir byggingu hússins en verktaki er Malarvinnslan. Átján íbúðir eiga að verða í húsinu.



einbýli og sérbýli að því er fram kemur hjá meirihluta borgarstjórnar. Úthlutun á að hefjast strax næsta vetur. Markmiðið er að svara stóruáskunni eftirspurn eftir einbýlishúsalóðum í kjölfar breytinga á lánamarkaði og auknum möguleikum og áhuga fólks á að kaupa sér einbýli.

Á annað hundrað lóðir í grónum hverfum Reykjavíkurborgar verða boðnar almenningi undir

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

# 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna

**Málning**

Áður en húsið er málað að utan er gott að fá litaprufur í málningarverslun og mála hluta af veggnum. Mikilvægt er að sjá litinn í sínu rétta umhverfi áður en rokið er til og margir lítrar af málningu keyptir.



**Garðplöntustöðin NÁTTHAGI**  
 Beygt 3 km austan við Hveragerði

**Fallegar og harðgerðar plöntur í úrvali**  
 Tré og runnar í garða, skógrækt og skjólbelti.  
 Einnig alparósir, klífurplöntur, berjarunnar, sigrænar dverggrunnar, fjölar blóm og sumarblóm.

**Opið alla daga frá kl. 10 til 19**  
 Sími: 483 4840  
 Fax: 483 4802  
 Vefang: <http://www.natthagi.is> Netfang: [natthagi@centrum.is](mailto:natthagi@centrum.is)

Gæða hús handa þér

**Bjálkahús ehf**  
 Hefur skapað sér orð fyrir vönduð hús.  
 Hús okkar eru byggð til að endast.  
 Á fjórðahundarð hús hafa verið byggð.

einingahús-bjálkahús-sumarhús [www.husogheimili.is](http://www.husogheimili.is)  
 Komdu við á skrifstofu okkar til að fá nánari upplýsingar  
 HÚSOGHEIMILI - BJÁLKAHÚS EHF / Krókháls 5A, 110 R, s: 511-1818

**GÍTARINN ehf.**  
 Háttófta 21 • 110 Reykjavík • Sími 332-2225 • [gitar@gitarinn.is](mailto:gitar@gitarinn.is) • [www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)

**MAPEX Trommusett**  
 14-hát & crash diskar, stóll, trommukjuðar

Rétt verð: ~~Kr. 79.900~~  
 Tilboðsverð: ~~Kr. 59.900~~

Ofurtilboð: **Kr. 49.900**  
 Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gitar  
 Paki, Stálhúsa, Stærgerðar  
 Kr. 10.900

**Pólýhúðun**  
 Innbakað Duftlakk á alla málma

Pólýhúðum:  
 Utanhússklæðning  
 álguggar  
 bárujárn  
 stálvirki  
 handrið  
 gler  
 sólbekki  
 vatnsbretti  
 o.fl.  
 o.fl.

Þessir byggja til framtíðar...  
 ...og við hjálpuðum þeim.  
 Vilt þú byggja til framtíðar?

Eigum á lager 350 RAL liti

**Pólýhúðun ehf**  
 S: 544 5700 \* [www.polyhudun.is](http://www.polyhudun.is)  
 Smiðjuvegi 1 \* 200 Kópavogur

# Kanadísk og kínversk áhrif

*Í eldri og grónari hverfum borgarinnar eru margir ræktarlegir garðar með sögu og sál. Einn slíkur er að Hraun- teigi 16 í Reykjavík.*

Margt gleður augað í garðinum á Hraunateigi 16. Stærri og smærri hlutir gæða hann lífi allt árið um kring og hann er því fallegur líka þegar gróðurinn er í dvala. Sérstaka aðdáun á þessum árstíma veur tré með dökku laufi, alþakið yndislegum rauðum blómum, sem er sjaldgæf sjón á Íslandi. Að sögn húsráðenda, Arthúrs Löve læknis og konu hans Lovísu Lu Hou Löve kerfisfræðings, er það skrauteplatré og er ættað frá Kanada.

Arthúr hefur alla tíð átt heima á Hraunateigi 16 og segir garðinn hafa átt sitt blómaskeið á sjöunda áratugnum þegar faðir hans var þar að prófa sig áfram með ýmiss konar plöntur. Þannig lýsir hann sögu garðsins í stuttu máli:

„Áskell föðurbróðir minn lagði grunn að garðinum. Hann lærði garðyrkufræði í Svíþjóð, flutti með sér hús heim og reisti það hér á Hraunteignum 1946. En hann stoppaði ekki lengi heldur fór til dvalar í Kanada 1951 og síðar Bandaríkjanna. Faðir minn, Þráinn Löve, keypti húsið og það sem því fylgdi en fékk reglulega sent fræ frá Áskeli að utan. Af því fræi spratt margt fallett, eins og þetta eplatré.“ Tvær sírenur eru í miðjum garði og eiga þær eftir að skarta sínum bleiku blómum og stór og mikill heggur við húsgaflinn býr sig líka undir blómgun. Allt upp af fræi frá Kanada, að því er Arthúr upplýsir. Reynitré og víðitré eru hins vegar ættuð úr Vesturbænum, nánar tiltekið garði við Ásvallagötu 6.

Nú eru það hin kínverska Lovísa og móðir hennar sem mest og best sinna garðinum. Auk þess eru þær með ræktun bæði í garðskála á pallinum og gróðurhúsi og uppskera fjölbreyttan aldingarð sem er til stakrar þrýði í hverfinu.

[gun@frettabladdid.is](mailto:gun@frettabladdid.is)



Skrauteplatréð er svo sannarlega til skrauts.



Hér fá fuglarnir að baða sig innan um fögur blóm.



Stór garðskáli er á pallinum, fullur af gersemum.



Eins og klippt út úr ævintýri.



Tveir bekkir eru í garðinum, bæði til notkunar og þrýðis.



Lovísa með dæturnar Helenu Vigdís Anhuí og Elizabethu Ósk Anjie.



Þvottaballinn hefur skipt um hlutverk og er kominn úr þvottahúsinu út í garð.

# Veitir skjól gegn veðri og vindum



Jarðvegurinn undirbúinn. Grafa þarf fyrir pallinum og fjarlægja allan gróður.



Jarðvegurinn sléttaður og þunnu lagi af sandi dreift yfir.



Grind er reist og viður lagður ofan á hana.



Fura er lögð á pallinn og stólpar reistir fyrir skjólvegg.



Pallurinn er glæsilegur og býður upp á góðar stundir í góðu skjóli.

## Sólpallar í gördum

Pallar og skjólveggir við hús njóta mikilla vinsælda enda nauðsynlegir á vindasömu landi þar sem oft er ekki hægt að njóta sólar nema í góðu skjóli. Afar sniðugt er að setja upp pall við íbúðir á jarðhæð í fjölbýlishúsum en leita þarf leyfis áður en hafist er handa. Þegar búið er að smíða pall með góðum skjólvegg er hægt að koma sér upp heitum potti, auk þess sem gott skjól er fyrir alls konar gróður. Jafnvel er hægt að gróðursetja rósarunna í stór ker eða blómstrandi klifurjurtir sem geta klifrað upp eftir skjólveggnum, og sameina þannig garð og pall.

12 volta vindmilla til sölu o.fl. Fyrir 12 v. straum. S. 553 7558 og 848 7173.

Húsafell. Sumarbústað. á besta stað í Húsafelli til leigu í sumar. Uppl. í s. 895 6307. Geymið auglýsinguna.



**Atvinnueign.is**  
Þarftu að leigja eða taka á leigu at- vinnuhúsnæði? Skráðu þig þá á leigu- lista Atvinnueignar þær að kostnaðar lausu. [www.atvinnueign.is](http://www.atvinnueign.is) S. 568 6600.

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlan- um. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu 90 fm skrifstofuhúsnæði á 3. hæð við Hlíðasmára. Húsnæðið skiptist í 3 rúmgóð herbergi og sameiginlegt rými/kaffistofu. Upplýsingar í síma 6929092 eða [tobbasig@islandia.is](mailto:tobbasig@islandia.is)

## Geymsluhúsnæði



## Atvinna í boði




**Select - Suðurfelli.**  
Óskum eftir áráðanlegum og dug- legum starfsmanni í verslun okkar í Suðurfelli. Um er að ræða hluta- starf til framtíðar. Getur hentað vel með skóla. Lágmarksaldur 18 ár.  
**Umsóknun skal skilað á vefnum [www.10-11.is](http://www.10-11.is) eða hjá verslunar- stjóra á staðnum.**

**Fulning ehf**  
Óskar eftir trésmiðum og laghent- um mönnum til úti og inni vinnu. S. 564 3090, 421 6903 & 897 1327.

**Vantar starfsmann sem fyrst**  
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í verslun okkar ekki yngri en 25 ára.  
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.Sírrý.**



Starfsmaður óskast til sumarflýsinga til að sjá um matseld og þríf í mötu- neytinu okkar. Uppl. í s. 555 4711.



Óskum eftir að ráða vana saumakonu til starfa. Upplýsingar gefur Ásdís í síma 567 0880.

maður með meirapróf óskast til starfa, fjölbreytt vinnu s:8610401

Hefur þú áhuga á að starfa í Kaup- mannahöfn? Okkur bráðvantar kokk eða manneskju vana í eldhúsi á eitt vin- sálasta kaffihúsið í Köben. Aðeins vant fólk kemur til greina. Nánari upplýsing- ar fást hjá Þóri Bergssyni í síma 0045 31176553.

Óska eftir blíkismið eða vönum að- stoðarmanni í blíkismiðju. Uppl. í s. 898 4745.

Byrjunarlaun 180 þúsund. Leitum að duglegum starfsmönnum á aldrinum 20-35 ára, helst með meirapróf, til þrífalegra verkstarfa hjá þjónustufyrir- tæki. Umsóknir er greini aldur og fyrri störf sendist til afgreiðslu fréttablaðsins merkt: Verk-2005.

Smiður óskast til að gera tilboð í verk, skipta þarf um þak á 190fm 1hæð ein- býlishúsi s:8963536

Hótel í Rvk. óskar eftir þernu/mann- eskju í móttöku í fullt starf. Dag/næturv. Sumarvinna. S. 588 0000 milli kl. 10 og 18.

Saumakonur óskast, reynsla nauðsyn- leg. Henson Sports Hf, Bráutarholti 24 S. 562 6464.

Limmóbílstjóri óskast til starfa hjá A. Hansen. Betra að viðkomandi búi í Hafnarfirði eða nágrenni. Uppl. í s. 565 1130.

## Atvinna óskast

Lærður Málari, get bætt við verkum. Flest kemur til greina. S. 897 2945, Kristmundur.

Arkitektanemi á þriðja ári óskar eftir sumarvinnu. Sími 849 9277.

Kona fra Lettlandi (23) óskar eftir vinnu. S.8457158




**MARKAÐURINN**



## Einkamál



**SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\***



**Garðakirkja**

Garðakirkja í Görðum á Álftanesi er sóknarkirkja Garðaprestakalls. Talið er að kirkja hafi staðið í Görðum allt frá landnámi og þar sé því einn af elstu kirkjustöðum hér á landi. Garðakirkja þjónaði Garðahreppi og Hafnarfirði allt til ársins 1914 er Hafnarfjarðarkirkja var vígð. Þá lagðist helgihald af í Görðum og kirkjan sem byggð hafði verið 1880 grotnaði smám saman niður uns hún var rifin 1938 og stóð aðeins töftin eftir. Kvenfélagskonur í Garðahreppi áttu frumkvæði að því að hafist væri handa um endurbyggingu Garðakirkju árið 1953 en kirkjan sem nú stendur var vígð 20. mars 1966 á fjórða sunnudegi í föstu. Í kirkjunni eru sæti fyrir um 200 gesti. Sóknarprestar eru séra Hans Markús Hafsteinsson og séra Friðrik J. Hjartar.



**SPURNING VIKUNNAR**  
á fasteignavef Visis

Finnt þér mikilvægt að hafa aðgang að garði?

**SPURNING SIÐUSTU VIKU:**  
Ertu tilbúin(n) að borga aukalega fyrir gott útsýni þegar þú kaupir íbúð?

Já	66%
Nei	34%

**Merk hús í bænum**



**Stjórnarráðshúsið**  
Húsið var upphaflega fangelsi og var hannað af dönskum húsasmíðameistara og var þá ein hæð með háu gaflsneiddu risþaki, hlaðið úr tilhöggnu grágrýti með tvöföldum veggjum. Árið 1815 var því breytt í bústað fyrir stiftamtmanninn, Moltke greifa, og voru þá gerðar á því miklar breytingar. Húsið var bústaður landshöfðingjans frá 1872-1904 en þá var því breytt í Stjórnarráð Íslands og hýsir nú skrifstofur forsætisráðuneytsins. Húsið var friðað árið 1973.



**Menntaskólinn í Reykjavík**  
Latínuskólinn var fluttur frá Bessastöðum til Reykjavíkur árið 1841 og var danskur hirðarkitekt fenginn til að teikna húsið. Það kom tilhöggvið frá Kristjánssand í Noregi og tók smíði þess tvö ár. Skólahúsið er eitt af fyrstu tvílyftu húsunum í Reykjavík og var lengi vel það stærsta í bænum. Það er í fábrotnum, klassískum stíl en einfaldleikinn ljær því glæsileika. Þegar skólinn tók til starfa voru kennslustofur á neðri hæðinni en svefnherbergi nemenda á þeirri efri. Þar var einnig lítil rektorsíbúð og hátíðarsalur þar sem Alþingi kom saman á árunum 1845-81 og var þjóðfundurinn haldinn þar árið 1851. Húsið var friðað árið 1973.



**Seðlabanki Íslands**  
Í upphafi var fyrirhugað að bygging Seðlabanka Íslands myndi rísa að Fríkirkjuvegi 11 en vegna mikilla mótmæla var henni fundin ný staðsetning við Arnarhól og sá Guðmundur Kr. Guðmundsson og Ólafur Sigurðsson arkitektar um að teikna húsið. Grunnmynd hússins tekur mið af Batterínu s.k. sem stóð áður á lóðinni, en það stendur á allháum kjallar sem í eru bílastæði o.fl., en ofan á það eru lágrest hús sem umlykja hærri skrifstofubyggingu á þrjá vegu. Húsin eru klædd íslensku gabbroí.

Heimildir úr bókinni Leiðsögn um íslenska byggingarlist.

**Ný verslun í Grafarholti**

**Allt á einum stað**



**Opnunartími**

OPIÐ VIRKA DAGA  
**8-19**

LAUGARDAGA  
**9 - 17**

SUNNUDAGA  
**10 - 17**

**Verið velkomin**

í stærstu byggingavöruverslun landsins, 7300 m<sup>2</sup> verslun með allt undir einu þaki.



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál



# Vatnsmýrin er einstakt tækifæri

UMRÆÐAN  
SKIPULAGSMÁL



STEFÁN JÓN HAFSTEIN  
BORGARFULLTRÚI

*Pegar litið er yfir til syðri hluta vesturborgarinnar er augljóst að Suðurgatan þarf að halda áfram yfir á Álftanes með því að fara yfir eða undir Skerjafjörð, og síðan þarf að loka hringnum með tengingu yfir til Hafnarfjarðar eða sunnan hans.*

Framtíðarsýn um Reykjavíkurborg getur ekki undanskilið Vatnsmýrina. Hún er blindi punkturinn í auga D-listans, sem kynnti tillögum sínar um borgina án þess að hafa skoðun á stærsta tækifæri Reykjavíkur til að breytast úr þorpi í borg. Ég fagna hins vegar tillögum D-lista, sem eru blanda af gömlu og nýju, og vil kynna sjónarmið mín um framtíðarmöguleika Reykjavíkur – og þar er Vatnsmýrin ekki undanskilin. Það liggur beint við að skoða möguleika Vatnsmýrarinnar áður en grafin eru göng út í Engey. Ég kynni hér hugmyndir sem mér finnst mikilvægt að koma á framfæri í umræðunni sem nú stendur.

Engin höfuðborg í hinum vestræna heimi á sams konar tækifæri og Reykjavík: risastórt óbyggt kjörsvæði í hjarta borgarlandsins. Með því að byggja upp framtíðarborgarbyggð í Vatnsmýrinni tekur Reykjavík stökk inn í 21. öldina – risastórt skref fram á við. Við höfum tækifæri til að klofa yfir skipulagsmistök 20. aldarinnar sem þöndu borgina út og dreifði of vítt. Reykjavíkurlistinn vill efna til alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni um þennan stóra framtíðardraum – hvernig hann getur litið út. Við þurfum að draga upp mynd af framtíðarborginni og skoða af yfirvegum í samamburði við þá mynd sem blasir við í dag; fá til þess færustu hugsuði að sýna okkur hvað geti orðið með dirfsku og áræði – í stað þess útsýnis sem við höfum í blindgötunni sem deilan um flugvöllinn er.

## Annað stórt tækifæri

Uppbygging í miðbænum, sem teygir sig frá fyrirhuguðu tónlistarhúsi í átt til Lækjartorgs og síðan yfir á slíppsvæðið og Mýrargötuna, er nú komin af draumsýnarstigi á verkáætlu. Hér er annað fágætt tækifæri, tónlistar- og ráðstefnuhús með aðliggjandi hverfi (og vonandi listaháskóla) er stærsta einstaka verkefni sem komið hefur í miðbæinn frá upphafi. Í framhaldi þarf að endurgera Lækjartorg, sem er því miður borgarskómm.

Sundabraut „alla leið“ á að vera forgangsverkefni í samgöngumálum þjóðarinnar. Um leið og hún kemur (en fyrr ekki) verður hægt að reisa glæsta íbúðabyggð í Gufunesi/Geldinganesi, sem verður í 5-7 mínútna fjarlægð frá miðbænum. Þessi kjarni, Gufunes/Geldinganes, kemur auðvitað til notkunar langt á undan uppfyllingum í vestur frá Örfirisey og blasir nú við. Ef um það næst sátt að byggja upp í austurhluta Viðeyjar í framhaldi væri ég því hlynntur; enn er á lífi fólk sem bjó í þorpinu í Viðey og stundaði þar vinnu og sótti skóla. Við Elliðaavoginn má þróa 1.000 íbúða bryggjuhverfi í framhaldi af því sem nú þegar er komið og með því að færa burt þunga atvinnustarfsemi úr Ártúnshöfðanum meðfram ósum Elliðaáa má skapa frábært íbúðarland, sem og við Súðarvog. Allt eru þetta svæði sem liggja vel við frekari uppbyggingu án teljandi kostnaðar við samgöngumannvirki eða uppfyllingar sem ekki eru þegar fyrirhuguð.

Pegar litið er yfir til syðri hluta


vesturborgarinnar er augljóst að Suðurgatan þarf að halda áfram yfir á Álftanes með því að fara yfir eða undir Skerjafjörð, og síðan þarf að loka hringnum með tengingu yfir til Hafnarfjarðar eða sunnan hans. Þar með er komin sú „hringbraut“ sem umlykur miðborgarsvæðið og gerir það að kjarna í stað þess að vera landfræðilegur útnári í borgarlandinu. Undarlegt er að tillögur D-lista skuli ekki fela þessa hugsun í sér, en það helgast væntanlega af feimninni við Vatnsmýrar-möguleikann – sem á korti Sjálfstæðisflokksins er eins og kornakur! Framtíðarsýn um Reykjavík án Vatnsmýrar er flótti. Nú þarf að taka af skarið um flugvöllinn: finna honum stað í nágrenni borgarinnar og taka það verkefni alvarlega, eða stytta tímarn frá Keflvík í miðborgina um a.m.k. 50% með göngum frá álverinu í Álftanes og halda svo áfram inn í Suðurgötuna. Til þess má nota fé sem fæst fyrir verðmætt byggingarland í eigu ríkis og borgar í Vatnsmýri. Auðvitað kemur til greina að byggja nýjan flugvöll í jarðri borgarlandsins, en með þessari samgöngubót sem hér er lýst er það hugsanlega óþarft þar sem ferðatími til Keflavíkur verður miklu styttri en nú og sú hring-

tenging sem skapast utan um borgarhjarða er mikilvæg.

## Tveir hringir um hjarta borgarinnar

Á kortinu sem hér er kynnt sést að með því að fara yfir Skerjafjörð og tengjast um Álftanes yfir í Hafnarfjörð (tvær leiðir sýndar) verður til hringur um miðborgarkjarnann í Vatnsmýri/höfn/gamla miðbæ. Kosturinn er þessi: Höfuðborgarsvæðið þjappast saman með því að Hafnarfjörður/Garðabær/Kópavogur og miðborg liggja innan, eða við, sömu hringbrautina. Hér eru líka sýnd göng undir Öskjuhlíð sem þegar eru á dagskrá og munu létta álagi af Miklubraut/Kringlumýrabraut. Við þetta skapast í raun tvær hringbrautir um borgina: innri hringur um miðbæjar-kjarnann, og ytri hringur sem fylgir Reykjanesbraut í átt að Mjódd og þaðan með tengingu yfir á Sæbraut/Sundabraut.

Munurinn á því sem ég kynni eða D-listinn felst í þessu: 1) Vatnsmýrin verður hjarta framtíðarborgarinnar með gamla miðbæinn að baklandi og nýja hverfið við höfnina að aðdráttar-afli fyrir atvinnu, menningu og mannlíf. 2) Þessir kostir eru borðleggjandi strax á næstu árum, án þess að leggja í tugmilljarða upp-



yllingar út í Engey/Akurey með tilheyrandi hliðrun á þungamiðju borgarinnar vestur fyrir miðbæinn, sem skapar mikil umferðarvanddræði. 3) Tvær hringbrautir um borgina létta á stökum álagspunktum og greiða fyrir allri umferð auk þess sem ný byggingarsvæði verða í örskotsfjarlægð frá miðborginni. Álftanes fær alveg nýtt vægi sem þróunarkostur

í snertifjarlægð við miðborgina. Samtímis getum við tryggt þeim íbúum borgarinnar sem vilja búa í fríðsælu úthverfi í anda Fossvogshverfisins eða suðurhlíða Kópavogs ákjósanlegar lóðir í þúsundatali í veðursæld Úlfarsfells. Þessi leið gerir það sem Reykjavík hefur alltaf langað til að gera en aldrei haft burði til fyrr en nú: Að breytast úr þorpi í borg.

# Bíll ársins

Hyundai Tucson



Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA



**HYUNDAI**  
hefur gæðin

## Hyundai Tucson 2.0 CRDi-Dísel, sjálfskiptur.

Dráttargeta 1600 kg.

Verð kr. 2.730.000

Bílasamningur kr. 28.500 á mánuði.

m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.

## Hyundai Tucson 2.0 bensín, beinskíptur.

Dráttargeta 1600 kg.

Verð kr. 2.370.000

Bílasamningur kr. 24.700 á mánuði.

m.v. 30% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla\*.

B&L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is



Með bílinn handa þér

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444  
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélalagan Hvammstanga sími 451 2230

JEAN PAUL GETTY (1892-1976)  
lést þennan dag.



„Uppskrift að velgengi: Vaknaðu snemma, leggðu hart að þér og finndu olíu.“

- J. Paul Getty var bandarískur auðjafur sem stofnaði Getty-olíufélagið. Hann var fyrsti maðurinn til að eiga einn milljarð Bandaríkjadala.

## tímamót

timamot@frettabladid.is

### PETTA GERÐIST

## D-dagur í Normandí

Þennan dag árið 1944 réðust bandamenn gegn nasistum í Normandí við strendur Frakklands. Innrásin er ein sú frægasta og afdrifarikasta í seinni heimsstyrjöldinni þar sem hún olli miklum þáttaskilum í stríðinu og hefur innrásardagurinn verið þekktur undir nafninu D-Day eða d-dagurinn allar götur síðan.

Í byrjun árs 1944 var orðið ljóst að Þjóðverjar væru að tapa heimsstyrjöldinni. Bandamenn töldu sig þurfa að ráðast inn í Vestur-Evrópu þar sem Þjóðverjar höfðu þó náð að stöðva sókn þeirra upp Ítalíuskaga. Ákveðið var að á fyrsta degi innrásar skyldu tvær bandarískar, tvær

breskar og ein kanadísk herdeild lenda á innrásarsvæðum sem náðu frá Cotentin-skaga í Normandí allt til borgarinnar Caen. Sömuleiðis skyldu tvær bandarískar og ein bresk fallhlífaherdeild lenda að baki varnarliðinu þá um morguninn. Óvissa og fát einkenni fyrstu viðbrögð yfirmanna þýska hersins. Þegar undirmenn Hitlers báru honum loks fréttir af innrásinni var hann ófús til að senda bryndeildir til Normandí því hann taldi að þetta væri blekkingarinnrás.

Strandhögg bandamanna þann 6. júní tókst þrátt fyrir gríðarlega mótspyrnu. Hins vegar stóð baráttan um Normandí fram í ágúst.



6. JÚNÍ 1944

### MERKISATBURÐIR

- 1584 Prentun Guðbrandsbiblíu á Hólum í Hjaltadal lýkur. Bókin var gefin út í 500 eintökum.
- 1800 Alþingi er afnumið með konunglegri tilskipun.
- 1914 Bifreið er notuð í fyrsta sinn hér á landi til að aka brúðhjúnum til vígslu.
- 1938 Sjómannadagurinn er haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn.
- 1966 James Meredith, fyrsti svartí Bandaríkjamadurinn til að fara í háskóla í Mississippi, er skotinn.
- 1984 Um 300 látast þegar indverski herinn ræðst inn í gullna hofið í Armitsar sem var í haldi herskára sjta.

### ANDLÁT

Jón Hallgrímsson, áður til heimilis á Kleppsvégi 28, Reykjavík, andaðist á Vífilsstöðum að kvöldi fimmtudagsins 2. júní.

Guðmundur Bergsteinn Jóhannsson, Birkigrund 2, Selfossi, lést sunnudaginn 29. maí.


### JARÐARFARIR

- 13.00 Erla Ingibjörg Vilhjálmssdóttir, Hvannalundi 5, Garðabæ, verður jarðsöngin frá Víðalinskirkju í Garðabæ.
- 13.00 Sigurlín (Eva) Andrésdóttir, Skjólí, áður Furugerði 1, verður jarðsöngin frá Grensáskirkju.
- 13.00 Lára Sigurbjörnsdóttir, Ási, við Sólvallagötu, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.
- 15.00 Sveinbjörn Sigurðsson byggingameistari, Miðleiti 7, verður jarðsöngin frá Dómkirkjunni.

### AFMÆLI




Ingibjörg J. Rafnar  
lögfræðingur er 55 ára.



Bubbi Morthens  
tónlistarmaður er 49 ára.



Jakob Falur Garðarsson,  
sendiráðsfulltrúi í Brussel, er 39 ára.



Stefán Eiríksson, skrifstofustjóri dóms-  
málaráðuneytisins, er 35 ára.



Baldvín A. Baldvínsson Aalen,  
trommari í Sóldögg, er 31 árs.



Brynja Valdí Gísladóttir  
leikkona er 32 ára.

### TÍMAMÓT: HELGA STEFFENSEN STJÓRNANDI BRÚÐUBÍLSINS Í 25 ÁR:

## Lilli eldist aldrei

Í aldarfjórðung hefur Helga Steffensen skemmt ungum sem öldnum á sumrin með dyggri aðstoð Lilla og félaga. Hún heillaðist snemma af brúðuleikhúsi sem listgrein og tók við Brúðubílum árið 1980 af upphafsmanni hans Jóni E. Guðmundssyni.

Hún hefur farið á ýmis námsskeið bæði hér á landi og á Norðurlöndunum og viðað að sér þekkingu. Hins vegar segir hún reynsluna vera einn besta skólann.

En hvað er svona heillandi við brúðuleikhúsið? „Það inniheldur allt. Fyrst semur maður leikritið, býr til brúðurnar og leiktjöldin og leikur,“ segir Helga auk þess sem sérstök kúnt sé að stjórna brúðunum. „Það þarf mikla æfingu og ögun til að vera góður brúðustjórnandi,“ segir Helga sem hefur samið mikið af leikritunum sem eru sýnd í brúðubílunum. Á hverju sumri kemur hún með tvö ný leikrit og því má ætla að þau séu orðin ansi mörg eftir 25 ár. Mörg leikritin tekur hún upp úr sögum og breytir fyrir brúðuleikhúsi. Þá hefur hún gaman af því að taka gamlar íslenskar sögur eða kvæði eins og Guttavísur.

Helga býr sjálf til brúðurnar í bílinn og finnst það eitt skemmtilegasta verkefnið þótt það sé mikil vinna. Alltaf bætast við nýjar brúður en sumar eru vinsælar og eiga því fastan samastað í Brúðubílunum. Sú allra vinsælasta er án efa apinn Lilli. „Hann á næstum jafnlangt starfsafmæli og ég,“ segir Helga og hlær hjartanlega. „En þetta



FRÉTTABLAÐIÐ/HEBBA HELGADÓTTIR

BRÚÐUBÍLSGENGIÐ Helga ásamt þeim Vigdísí Másdóttur leikkonu og Birgi Ísleifi Gunnarssyni bílstjóra Brúðubílsins.

grey eldist ekkert og er alltaf fimm ára,“ segir Helga sem finnst börn ekkert hafa breyst í gegnum tíðina. „Mér finnst þau alltaf jafn sönn, yndisleg, rétt-sýn og heiðarleg.“

Í sumar sýnir Helga leikrit allt frá fyrstu árum leikhússins í tilefni afmælisins. Það elsta er

Ungarnir og refurinn. „Ég býst við að einhverjir foreldrar sem komi með börnin sín í sumar muni kannast við það frá því þeir voru litlir,“ segir Helga sem til-einkar þessa sýningu minningu vinkonu sinnar Guðrúnar Katrínar Þorbjörnsdóttur fyrrum forsetafrúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálka hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

### Fróðleikur af gardur.is



Prestur og vígslubiskup:

## Bjarni Jónsson

Bjarni Jónsson var fæddur í Mýrarholti við Rvík 21. okt. 1881, sonur Jóns Oddssonar tómthúsmanns og k.h. Ólafar Hafliðadóttur. Stúdent 1902. Hélt áfram farsælum námsferli með prófum við Hafnarháskóla, síðast embættisprófi í guðfræði 1907. Skólastj. barna- og unglingask. á lsaf. 1907-10. Skipaður 2. prestur við dómkirkjuna 1910, dómkirkjupr. 1924-51. Prófastur í Kjalarnespróf.dæmi

1932-38, dómpróf. 1945-51. Vígslubiskup í Skálholtsbiskupsdæmi forna frá 1937 til æviloka, 19. nóv. 1965. Settur biskup Ísl. í þrjá mánuði. Prófdóm. við guðfræðideild HÍ 1911-63, form. KFUM 1911-65, í stjórnarnefnd Kvinnask. 1915-65, stjórn Prestafél. 23 ár, Hins Ísl. Biblíufél. mörg ár, form. Ekknasjóðs Rvíkur 1924-51, fyrsti forseti Reykvíkingafél., fulltrúi kirkju Ísl. á kirkjuþingi í Stokkhólmi og ferðaðist um Danmörku með erindi, fyrirlestra og guðspjónustur. Heiðursdoktor í guðfr. við HÍ, hlaut ýmsar orður, heiðursborgari Rvíkur, heiðursfél. brezka Biblíufél., KFUM, Prestafél. Ísl., Reykv.fél. o.fl. Tapaði naumlega fyrir Ásgeiri Ásgeirssyni í forsetakjöri 1952. Ritstjór. predikanir, erindi, ritgerðir, auk bæklinga og þýddra rita. Um hann er bókin Séra Bjarni (ýmsir höfundar). Hann var orðheppinn, fastheldinn í trúarefnum, trú hans heit og andrik. K.h. (1913) var Áslaug Ágústsdóttir. Börn þeirra: Ágúst skrifstofustjóri, Ólöf sendiherrafrú og Anna.

Meira um hann á gardur.is



Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

### FYRSTA STARFIÐ:

## Hjólaði með kókkassa í Laugarnesinu

„Fyrsta starfið sem ég fékk greitt fyrir að inna af hendi var þegar ég var sendill í hverfisbúðinni í Laugarneshverfinu,“ segir Sævar Karl Ólason, klæðsker og kaupmaður í Bankastræti. Sævar kynntist vinnu snemma og var sendur í sveit sex ára gamall.

Þegar hann var tólf ára komst hann inn undir hjá kaupmanninum í hverfisversluninni í Laugarnesinu. „Ég átti heima í Laugarnesi 62 og hverfisverslunina rak maður að nafni Gunnar. Verslunin hét Vitinn og ég held að það sé verslað með glervöru þar í dag. Fyrir Gunnar hjólaði ég með kókkassa og því um líkt heim til fólks og fékk pening fyrir. Mig minnr að þetta hafi nú ekki verið mikið, en launin voru eflaust drjúg í augum tólf ára hnokka.“

Sævar segir það hafa verið sér mikils virði að fá tækifæri til að vinna sér fyrir skotsilfri og hefur verið sívinnandi síðan,



SÆVAR KARL ÓLASON

þótt hann hafi ekki í lengst í sendilstarfinu. „Ég fór á á togara þegar ég var fjórtán ára. Réð mig sem háseta á hálfum hlut. Tíðarandinn var sá að það þótti ekki tiltökumál þótt drengir á fermingaraldri færu á sjó. Það unnu allir sem vettlingi gátu valdið.“

### FÆDDUST ÞENNAN DAG...

1799 Alexander Þúskín  
ríthöfundur.



1875 Thomas Mann  
ríthöfundur.

1935 Dalai Lama  
fjórðandi.



1946 Lasse Hallström  
leikstjóri.

1956 Björn Borg  
tennisleikari.



# Sumar sprengja

Landsins mesta úrval af Amerískum ísskápum með eða án klakavél. Hvítir, svartir eða stál



Allt að **30%** afsláttur



Verð frá aðeins kr. **Stgr.** \*Tvöfaldir kæli-og frystiskápar **129.900.-**

\*Tvöldur LG-kæli-og frystiskápur, hvítur

KORTER.IS



DVD spilari með karaoki Sprengjuverð kr. **6.490.-**

ELFUNK 21" Sjónvarp og DVD spilari Sprengjuverð kr. **22.900.-**

ELFUNK 14" Sjónvörp Sprengjuverð kr. **9.900.-**

ELFUNK 20" Sjónvörp Sprengjuverð kr. **13.900.-**



Fagor pottar og pottasett Allt að **80%** afsl.

**2** tæki saman



**Nardi ofn FEA971X**  
Fjölkerfa ofn með pizzastillingu og heitum blæstri  
**Edesa helluborð 3VET 132X**  
Keramik borð með snertitökkum og stálramma

Aðeins Stgr. kr. **79.900.-**



**WhiteKnight þéttipurrkari CL 767LDO**  
6kg barkalaus þéttipurrkari, með 2 hitastigum, veltir í báðar áttir. Kælir niður þvottinn áður en hann slekkur á sér. Hægt að leiða vatn í niðurfall.

Aðeins Stgr. kr. **39.900.-**



**WhiteKnight flurrkari CL 447**  
Frábær 5 kg. purrkari með barka, tímastilltur og með krumpuvörn  
Hæð: 85 cm - Breidd: 60 Cm Dýpt: 60 cm  
Að sjálfsgöðu fylgir barki með

Aðeins Stgr. kr. **18.700.-**



**EDESA þvottavél L3126**  
6 kg. 1200 sn. þvottavél. Auka skol í lokin, stopp í síðasta skolvatni, stór hurð sem opnast 180° Einföld í notkun. Klukka sem sýnir þvottatíma.

**1200 SNÚNINGA**  
Aðeins Stgr. kr. **44.900.-**

Frábær þvottavél á mega tilbóði




**LG RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF**

- ANNO 1929 -

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

Opið laugard. 11:00 -16:00



### Heyrst hefur ...

... að handknattleiksmaðurinn Arnar Pétursson, sem nýlega var leystur undan samningi sínum hjá FH, sé á leið til Valsmanna. Segir sagan að Hlíðar-endlíðið hafi boðið Amari fimm ára samning og mun hlutverk hans vera að leysa af Heimí Örn Árnason í leikstjórnendastöðunni, en hann gekk nýlega í raðir Fylkis.

**sport**  
sport@frettabladid.is

## ÍSLENSKA VARNARLÍÑAN ÞURRUKUÐ ÚT: AUÐUN HELGASON OG BJARNI ÓLAFUR EIRÍKSSON TEKNIR INN

### Beið ekki eftir símtalinu frá þjálfurunum

Nú er ljóst að allir þeir fjórir varnarmenn sem byrjuðu inn á gegn Ungverjum munu ekki geta tekið þátt í leiknum gegn Möltu á miðvikudag. Allir eru þeir í leikbanni nema Pétur Marteinson sem er meiddur og verður væntanlega frá í einhvern tíma. Til að bæta fyrir þetta hafa tveir varnarmenn verið kallaðir inn í landsliðið, einn er vanur landsliðsmaður en hinn er nýliði. Báðir hafa staðið sig mjög vel það sem af er í Landsbankadeildinni og það kemur ekki á óvart að þeir koma frá þeim félögum sem enn hafa ekki tapað leik.

Valsarinn Bjarni Ólafur Eiríksson er nýliði en á að baki tvo U-21 landsleiki en hann er nú 23 ára. „Þetta kom mér verulega á óvart, ég var nú ekki beinlínis að bíða

eftir símtalinu þegar það var ljóst að alla varnarmennina myndi vanta í næsta leik,“ sagði Bjarni Ólafur. „Það verður því væntanlega boðið upp á glænýja vörn í íslenska landsliðinu en ég á nú ekki von á því að vera í byrjunarliðinu.

„Þetta var ánægjulegt að fá þessi tíðindi, þó svo að maður hefði auðvitað viljað vera með frá byrjun,“ sagði Auðun Helgason, varnarmaður FH, sem var kallaður í landsliðið í gær. „En við þjálfararnir ræddum vel saman í morgun og ég hef ákveðið að gefa mig algerlega í þetta verkefni.“  
Aðspurður

segir Auðun að hann stefni alltaf að því að vinna sér sæti í landsliðinu. „Svo lengi sem maður hefur metnað og telur sig vera í góðu standi gerir maður það. Það er þó alls ekki að ég hafi orðið eitthvað svekkur þegar ég var ekki valinn. Maður er orðinn þetta gamall og búinn að ganga í gegnum þetta allt saman.“

Um nýju vörminna segir Auðun að hann voni að þeir sem verði í byrjunarliðinu hafi náð að stilla saman strengi. „Það tekur alltaf tíma. En auðvitað vona ég að ég verði einn af þeim fjórum og fái tækifæri til að miðla af minni reynslu.“

### > Okkur hlakkar til að sjá ...

... hvernig varnarliðu íslenska landsliðsins fótbolta verður stillt upp gegn Möltu á miðvikudagskvöldið. Öll varnarliða eins og hún lagði sig gegn Ungverjum verður ekki til taks gegn Möltu, ýmist vegna leikbanna eða meiðsla, og er ljóst að einhver ný andlit munu sjást í íslensku vörminni.



### > Við skorum á ...

... almenning á Íslandi til að fjárfesta í gömlum trejum íslenska landsliðsins í handbolta. Þær verða til sölu á góðu verði fyrir leik Íslands og Svíþjóðar í Kaplakrika í kvöld en meðal annars er um að ræða trejur frá B-keppinni í Frakklandi árið 1989.



## Fyrrum leikmaður Stoke: Fór vegna stjórnarinnar

**FÓTBOLTI** Wayne Thomas, fyrrum leikmaður Stoke City, hefur nú greint frá því af hverju hann kaus að ganga til liðs við Burnley í síðustu viku og segir að hann hefði aldrei yfirgefið Stoke ef honum hefði líðið vel hjá liðinu. Thomas var einn eftirsóttasti leikmaður 1. deildarinnar eftir tímabilið og sagði Steve Cotterill, stjóri Burnley, að hann hefði klófest besta leikmanninn sem var án samnings í sumar.

„Ég hef ekkert á móti leikmönnum liðsins, ekkert á móti knattspyrnustjóranum eða félaginu yfir höfuð,“ sagði Thomas. „Það eru bara stjórnarmennirnir sem ég líð ekki. Þeir verða að hafa hraðari hendur ef þeir ætla ekki að missa alla leikmennina frá liðinu,“ bætti Thomas við.

# Vissi strax að þetta væri alvarlegt

Pétur Marteinson, varnarmaður íslenska landsliðsins, ökklabrotnaði illa í leiknum gegn Ungverjum og fór í aðgerð í gærmorgun. Hann verður í gífsi næstu sex vikurnar.

**FÓTBOLTI** „Þetta gerðist þannig að ég lenti í samstæði við einn Ungverjann og náði einhvernvegin að festa takkana í grasinu í leiðinni. Hann lendir ofan á löppinni á mér þegar þunginn er á henni og ég vissi strax að eitthvað alvarlegt hefði gerst. Þetta var fyrir það fyrsta alveg hrikalega vont og síðan heyrði ég smellinn,“ segir Pétur Marteinson, varnarmaður íslenska landsliðsins í knattspyrnu, en hann ökklabrotnaði eftir rúman stundarfjórðung í leiknum gegn Ungverjalandi í undankeppni HM á laugardag.

Þegar Fréttablaðið náði tali af honum undir kvöldmat í gær var Pétur enn að ná sér eftir svæfinguna, en hann fór í aðgerð vegna

brotsins í gærmorgun þar sem meðal annars voru settar skrufur í löppina á honum. „Þeir kalla þetta ökklabrot en það er sperrileggurinn, sem er fyrir ofan ökkla, sem er brotinn,“ segir Pétur.

EKKI er víst hvenær Pétur mun geta snúið aftur á fótboltavöllinn og kveðst hann sjálfur lítið vera byrjaður að hugsa um það. Ökklaeða sperrileggsbrot svipuð þeim sem Pétur lenti í eru mjög misjöfn en geta haldið leikmönnum frá æfingum og keppni í allt að þrjá mánuði. Pétur verður í gífsi í sex vikur en ætlar sér að koma sterkur til baka. Pétur leikur með Hammarby í sænsku úrvalsdeildinni og þykir hafa staðið sig afar

vel það sem af er móti en sænsku deildinni lýkur í byrjun nóvember. Pétur kveðst að sjálfsögðu gera sér vonir um að spila aftur áður en tímabilinu lýkur en hefur þó varann á.

„Þetta kemur bara í ljós en ég mun láta mína lækna í Svíþjóð skoða þetta. Þetta er auðvitað mikið áfall en þetta fylgir þessu,“ segir hann.

vignir@frettabladid.is



Í GÍFSI Í SEX VIKUR Pétur var kominn heim í faðm fjölskyldunnar þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði og ætlar hann að jafna sig þar næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Leit Alex Ferguson að markverði lokið í bili:

## Van der Saar til Manchester United

**FÓTBOLTI** Fulham hefur samþykkt 2,5 milljóna punda tilboð Manchester United í hollenska landsliðsmarkvörðinn Edwin van der Saar, sem mun undirrita nýjan tveggja ára samning við liðið þegar hann kemur úr landsleikjum Hollands í vikunni.

Van der Saar var sterklega orðaður við United í janúar, en ekkert varð af skiptunum sem varð til þess að hann undirritaði nýjan tveggja ára samning við Fulham. Eftir að United-menn leystu Roy Carroll undan samningi á dögum hafa þeir hins vegar lagt mikla áherslu á að ná sér í traustan markvörð, sem þeir hafa nú landað í hinum 34 ára gamla Hollendingi. Þetta eru fyrstu kaup liðsins síðan milljarða-

mæringurinn Malcom Glazer eignaðist meirihluta í félaginu, en þeir höfðu einnig verið að skoða markverði á Ítalíu. „Edwin er í skýjunum yfir því að fara til jafn virts félags og Manchester United og getur ekki beðið eftir að byrja að leika með þeim,“ sagði umboðsmaður hans í gær.



VAN DER SAR SÁTTUR Skrifar undir 2ja ára samning við Manchester United í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LANDSBANKA DEILDIN

### Keppni allra landsmanna

#### Fritt á leiki og happdrættispottur

Sextán ára og yngri fá fritt á leiki í Landsbankadeildinni í sumar og lenda í happdrættispotti þar sem dregin verða út 100 glæsilegir vinningar.

Miðar eru afhentir í útibúum bankans.

1. vinningur: 4 flugmiðar og 4 miðar á leik í Meistaradeild Evrópu.

Aðrir vinningar: Áritaðar landsliðstreyjur og vandaðir fótboltar.

#### VIÐ STYÐJUM ÍSLENSKA KNATTSPYRNU MEÐ STOLTI

##### 4. UMFERÐ KVENNA

mán.	6. jún	20:00	Breiðablik - KR
mán.	6. jún	20:00	Keflavík - ÍBV
mán.	6. jún	20:00	FH - Stjarnan
mán.	6. jún	20:00	Valur -ÍA



## ÚR SPORTINU

Annarrar deildarlið Aftureldingar hefur fengið leikmanninn **Jón Orra Ólafsson** að láni frá Fram út sumarið. **Jón Orra** hefur ekki náð að festa sig í sessi í byrjunarliði Fram í sumar og sló því til og skellti sér í Mosfellsbæinn. Framarar vona að **Jón** muni snúa til þeirra reynslunni ríkari eftir sumarið. Þetta kemur fram á heimasíðu félagsins um helgina.

Svíinn **Freddie Ljungberg** hefur slegið forráðamönnum Arsenal úr slitakosti varðandi framlengingu á samningi sínum við félagið og segist ekki vilja semja fyrir en liðið sýni fram á að geta styrkt sig almennilega fyrir átökin á næstu leiktið. „Ég mun ekki framlengja samning minn ef þeirra metnaður mætir ekki mínum eigin,“ sagði sá sænski digurbarkalega í samtali við BBC. „Ég get ekki séð að við



munum vinna meistaradeildina ef við treystum á átján og níttán ára gamla krakka til að bera uppi liðið. Þetta snýst ekki um peninga – þetta snýst um metnað,“ sagði **Ljungberg**.

Manchester City hefur skrifað Mundir framlengingu á samningi **Kiki Musampa** við félagið og mun hann verða hjá þeim á lánssamningi út næsta tímabil frá liði sínu Atletico Madrid. **Musampa** vakti mikla hrifningu hjá City í vetur og liðinu var mikið í mun að fá að njóta krafta hans áfram. „Hann var okkur gríðarlega mikilvægur þann tíma sem hann var hjá okkur á síðustu leiktið og ég er mjög sáttur fyrir að halda honum í eitt ár í viðbót. Ef hann spilar jafn vel með okkur á næsta tímabili og hann gerði síðast, erum við í góðum málum,“ sagði Stuart Pearce, knattspyrnustjóri Manchester City.



Spánverjinn **Fernando Alonso** er bjartsýnn á að geta orðið yngsti heimsmeistari í formúlu eitt frá upphafi, en hann er sem kunnugt er með örugga forystu í stigakeppni



ökumanna það sem af er tímabili. „Ég held að liðið eigi ágæta möguleika á að halda uppteknum hætti í keppnunum sem eftir eru og ef ég held áfram að keyra vel, má vel vera að ég hafi það sem til þarf til að verða meistari,“ sagði Spánverjinn ungi, sem er að verða að dýrilingi í heimalandi sínu eftir frábæran árangur í ár. Hann hefur örygga forystu í heildarstigakeppni öikumanna en á eftir honum kemur hinn finnski Kimi Raikkönen.

Finnski markvörðurinn **Antti Niemi** hjá Southampton, sem nýverið féll úr ensku úrvalsdeildinni, er ekki á leið til West Brom eins og til stóð, því **Bryan Robson**, knattspyrnustjóri liðsins, ku vera á höttunum eftir yngri markverði. Það er engu líkara en að umboðsmaður hans hafi orðið fúll, því hann gaf það út að vissulega gæti West Brom orðið sér úti um yngri markvörð, en bentu á að þeir fengju engan betri en þann finnska.



Evrópumeistaramót í knattspyrnu Ekvenna hófst á Englandi í gær með leik heimamanna gegn Finnum á City of Manchester leikvanginum. Lið Englands vann leikinn, 3–2, og kom sigurmarkið ekki fyrir en í uppbotartíma. Riðill Englands er sannkallaður Norðurlandariðill því ásamt Finnum eru þar einnig Svíar og Danir. Þær þjóðir léku einmitt einnig í gær og skildu liðin jöfn, 1–1. Í hinum riðli keppninnar eru Þýskaland, Frakkland, Noregur og Ítalía en þær þjóðir



hefja leik í kvöld. Tvö efstu liðin í hvorum riðli komast í undanúrslit sem munu fara fram um miðja næstu viku og sjálf úrslitin svo um helgina eftir.

Opna franska meistaramótið í tennis:

## Spænska undrabarnið bar sigur úr bytjum

**TENNIS** Spænska undrabarnið Rafael Nadal bar sigur úr bytjum á opna franska meistaramótiinu í tennis með sigri á Argentínumanninum Mariano Puerta í úrslitum í gær eftir að hafa unnið Roger Federer frá Sviss í undanúrslitum. Nadal, sem var settur í fjórða sætið á styrkleikalista mótsins, kom til baka eftir að hafa tapað fyrsta settinu, vann næstu þrjú og þar með leikinn.

„Tilfinningin er ótrúleg. Þetta er gamall draumur sem er að rætast,“ sagði Nadal í sigurvímu eftir úrslitaleikinn sem stóð yfir í þrjár

og hálfu klukkustund.

„Þessi viðureign var ótrúleg og ég þurfti að spila minn allra besta leik til að vinna sigur. Ég hélt að ég myndi tapa eftir að ég tapaði fyrsta settinu en sem betur fer náði ég að snúa leiknum mér í vil,“ bætti Nadal við.

Þetta var fyrsti sigur Nadals á stórmóti en hann er sagður einhverj efnelegasti tennisspilari sem komið hefur fram á sjónarsviðið á síðustu árum. Hann verður 19 ára eftir tvo daga en hafði fyrir opna franska mótið sigrað á sex mótum á keppnistímabilinu þrátt fyrir



**RAFAEL NADAL**  
Er talinn einn efnelegasti tennisspilari síðustu ára.

þennan unga aldur. Helstu spekingar í íþróttinni segja að Nadal hafi alla burði til að verða sá besti í heimi en sjálfur er hann hinn rólegasti og kveðst aðeins vilja spila

tennis. „Ég mun fagna í dag en á morgun fer ég að undirbúa mig fyrir opna breska meistaramótið,“ segir hann.

-vig

SUMARHÚSAEIGENDUR OG FELLIHÚSAEIGENDUR ATHUGIÐ NÚ STANDA YFIR

# DÝNUDAGAR!!!

Í LYSTADÚN MARCO

DRÍFÐU ÞIG OG GERÐU GÓÐ KAUP ÞVÍ NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

## 15-30% AFSLÁTTUR

Frábær sumartilboð á: Rúmum, springdýnum, latexdýnum, svampdýnum, yfirdýnum, eggjabakkadýnum, koddum og sérsniðnum svampi.

Opið virka daga: 10–18 & laug: 11–15  
 Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500      Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504      Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Detroit jafnaði metin gegn Miami í NBA:

## Oddaleikur í kvöld

**KÖRFUBOLTI.** Það verður sannkallaður stórleikur í NBA í nótt þegar Miami Heat og Detroit Pistons mætast í hreinum úrslitaleik um sæti í lokaúrslitunum, eftir að Detroit vann sjötta leik liðanna með gríðarlegum yfirburðum í fyrrinótt, 91-66.

Miami lék án Dwayne Wade, sem er meiddur og horfir nú fram á erfiðan oddaleik þar sem svo gæti farið að aðalskorari Miami yrði ekki með. Jafnræði var með liðunum í fyrsta fjórðungnum í fyrrakvöld, en þá opnaðist fyrir allar flóðgáttir hjá Miami og í ljós kom hversu mikið lakara liðið er án Wade. Shaquille O'Neal lék ágætlega í leiknum og skoraði 24

stig og hirti 13 fráköst, en það dugði ekki til og sóknarleikur Miami var vandræðalegur og tilviljanakenndur. Richard Hamilton var stigahæstur í liði Detroit með 24 stig og meistaranir hugsa sér gott til glóðarinnar í oddaleiknum í Miami í kvöld.

„Mínir menn léku vel í kvöld og ég held að áhorfenda bíði sannkölluð veisla í úrslitaleiknum. Þar vona ég að betra liðið vinni og ég er alveg viss um að Dwayne Wade verður til í slaginn þá,“ sagði Larry Brown, þjálfari Detroit. „Nú verðum við að gjöra svo vel og klára dæmið í næsta leik og þar duga engar afsakanir,“ sagði Shaquille O'Neal hjá Miami. „Nú



LYKILLINN Dwayne Wade verður að ná heilsu fyrir oddaleikinn ef Miami á að eiga möguleika gegn meisturunum.

er það bara að vinna eða hypja sig heim og það sem ég er ekki sérlega mikið fyrir að veiða, verðum

við einfaldlega að vinna oddaleikinn á heimavelli,“ sagði Damon Jones, leikmaður Miami.

## ÚR SPORTINU

**Ashley Cole** leikmaður Arsenal, óttast um framtíð sína hjá félaginu eftir að hann varð uppvís af því að hafa rætt ólöglega við Chelsea um að ganga til liðs við þá. **Cole** á ekki von á að geta leikið meira með Arsenal og segist alveg í rusli. „Ég vil hvergi leika annars staðar en hjá Arsenal, en nú sýnist mér ekki vera velkominn hjá félaginu lengur. Ég sé mig aldrei leika fyrir annað lið en Arsenal og ef ég þarf að fara héðan, vil ég fara frá Englandi,“ sagði **Cole**.



**Breski** boxarinn **Ricky Hatton** bar sigurorð af **Kostya Tszyu** í bardaga um heimsmeistarátitilinn í veltivigt um helgina og í kjölfarið eru menn farnir að tala um hann sem besta veltivigtarmann í heiminum. Bardaginn var frábær skemmtun frá upphafi til enda og Bretinn ungi þótti sýna ótrúleg tilþrif og úthald. „**Ricky** er á góðri leið með að verða besti boxari sem Bretland hefur alið af sér,“ sagði þjálfari hans eftir bardagann.

**Martin Jol**, knattspyrnustjóri Tottenham, biður aðdáendur liðsins að örvænta ekki þó að **Frank Arnesen** hafi stungið af frá félaginu og gengið í raðir Chelsea. „Það var súrt að missa

**Frank**, en ég get lofað því að við munum ekki láta brotthvarf hans á okkur fá. Það eru spennandi tímar framundan hjá félaginu og við erum staðráðnir í að byggja á bættu gengi í fyrra. Við enduðum síðasta tímabil á jákvæðum nótum og munum taka það með okkur inn í næsta tímabil.“



**Franski** ökuþórin **Sebastien Loeb** á Citroen hélt áfram sigurgöngu sinni í heimsbikarkeppninni í ralli um helgina, þegar hann sigraði örugglega í tyrkneska rallinu á sunnudaginn. Heimsmeistarinn sigraði á tíu af sautján sérleiðum í keppninni og var með tæpri mínútu betri tíma en næsti maður, sem var **Petter Solberg** á Subaru.

**Loeb** hefur þrettán stiga forystu á næsta mann í stigakeppni ökumanna það sem af er tímabilinu, en sigurinn um helgina var hans fjórði í röð.

**Shaquille O'Neal** var tekinn á Sorðinu af ættingjum **George Mikan** heitins, en hann hafði lofað að greiða allan útfararkostnað goðsagnarinnar, því hann heyrði að fjölskylda hans ætti við fjárhagserfiðleika að etja. **Mikan** var fyrsta stórstjarnan í NBA-deildinni og leit **O'Neal** mikið upp til hans. „Sendið reikninginn bara til Miami-liðsins, það yrði mér sannur heiður að fá að greiða fyrir útförina, því án hans væri ég ekki það sem ég er í dag,“ sagði tróllið.



Það er sjaldan lognmolla í kringum lið Detroit Pistons og þeir komust í fréttirnar fyrir annað og meira en að vinna leiki. Önnur sprengjuhótunin á örfáum vikum skapaði nokkra ringulreið fyrir sjötta leikinn við Miami á sunnudagskvöldið og þurfti að tæma húsið í kjölfarið. Þetta reyndist þó vera gabb eins og í fyrra skiptið og sökudólgurinn var handtekinn í gær. Þá fékk **Rasheed Wallace** 20.000 dollara sekt fyrir að gagnrýna dómara opinberlega og fyrir að nota ófagran munnsöfnuð í viðtölum við fjölmiðla, en hann gagnrýndi dómara sem dæmdu fimmta leikinn við Miami harðlega.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deild karla:

KS-VÍKINGUR R.

0-0

www.toyota.is

## RAV4 SPORT Jafnt í borg sem til fjalla



HEIENKA AUGIENKASIDIANHEI.US TOY 2005 052005

**RAV4 SPORT.** Fyrir allt sem í þér býr og meira til.

Nú fæst hinn feikivinsæli RAV4 í sérstakri útfærslu með sportlegu yfirbragði. Aukahlutapakki að verðmæti 160.000 kr. fylgir. Pakkinn inniheldur sílsahlíf, krómgrind á afturljós, sportgrill, krómstút á púst, sílsarör og dráttarbeisli. RAV4 SPORT sameinar því þægindi, kraft, öryggi, sportlegt útlit og hagstæð kjör, en hann fæst frá aðeins 2.720.000 kr. Komdu og prófaðu RAV4 SPORT í dag.

**SPORT4**  
PERFORMANCE

Verð frá 2.720.000 kr.

Aukahlutapakki að verðmæti 160.000 kr. fylgir með.

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



Sportgrill Sílsarör Krómgrind á afturljós Sílsahlíf Krómstút á púst Dráttarbeisli

TODAY TOMORROW **TOYOTA**



## HVAD? HVENÆR? HVAR?

MÁI

3 4 5 6 7 8 9

## Mánudagur

## LEIKIR

- 18.00 FH tekur á móti Stjörnunni í Landsbankadeild kvenna.
- 19.40 Ísland og Svíþjóð mætast í vináttulandsleik í handbolta í Kaplakrika. Leikurinn er einnig kveðjuleikur Guðmunds Hrafnkelssonar.
- 20.00 Breiðablik og KR eigast við í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 Valur tekur á móti ÍA í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 Keflavík og ÍBV mætast í Landsbankadeild kvenna.
- 20.00 Fjölnir og Haukar etja kappi í 1. deild karla.

## SJÓNVARP

- 16.15 Bandaríska mótaröðin í golfi á Sýn. US PGA Memorial Tournament. (e)
- 16.35 Helgarsportíð á Rúv. (e)
- 16.50 Samantekt frá Smáþjóðaleikum á Rúv. Lokabátur. (e)
- 19.35 Landsleikur í handbolta, Ísland-Svíþjóð í beinni útsendingu á Rúv.
- 20.00 NBA á Sýn. (e)
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 23.15 Enska bikarkeppnin á Sýn. (e)
- 00.00 Miami Heat og Detroit Pistons mætast í oddaleik í úrslitum austurstandarinnar í NBA-deildinni. Bein útsending.

Mainz í Evrópukeppnina:

## Tottenham fékk ekki inn

**FÓTBOLTI** Þessi helgi hefur verið ansi viðburðarrík fyrir Tottenham og áhængendur liðsins. Þeir allra bjartsýnustu þorðu þó að vona að liðinu áskotnaðist sæti í Evrópukeppni félagsliða en tvö lið voru dregin út í gær um sæti sem haldið var aftur vegna háttvísisverðlauna UEFA. Einungis sex lið voru í pottinum en Tottenham var ekki dregið út.

## Kveður í Kaplakrikanum

Fyrri vináttuleikur handboltalandsliðsins gegn Svíþjóð í kvöld verður einnig kveðjuleikur fyrir markvörðinn Guðmund Hrafnkelsson sem mun leika 403 landsleik sinn.

**HANDBOLTI** „Það er mjög gaman að fá þetta kærkomna tækifæri til að klára landsliðsferilinn hér heima fyrir framan íslenska áhorfendur,“ sagði Guðmundur Hrafnkelsson við Fréttablaðið, ánægður með að fá kveðjuleik í kvöld þegar Ísland fær Svíþjóð í heimsókn í Kaplakrika. Hann hefur varið mark landsliðsins í tvo áratugi en þegar Viggó Sigurðsson tók við landsliðinu ákvað hann að hleypa nýjum mönnum að.

„Ég er alveg sáttur. Það eru aðrir teknir við og það hlaut að koma að því, ég var búinn að skila mínu þessi 18 ára sem ég var í þessu. Það eru að koma fullt af ungum leikmönnum inn í landsliðið sem fá að reyna sig og með tímanum nær Viggó að binda alla saman en allt tekur sinn tíma. Í þessum stórmótum þá þarf allt að smella saman og heppnin að vera með líka. Ég hef alveg trú á því að það gangi upp.“

Guðmundur segir þetta hafa verið langan en gífurlega skemmtilegan tíma sem hann hefur verið með landsliðinu.

„Það er ekkert eitt sem stendur upp úr en margt sem kemur upp í hugann, t.d. B-keppnin í Frakklandi, HM í Japan og Ólympíuleikarnir í Barcelona,“ sagði Guð-



LÝKUR LANDSLIÐSFERILINUM FORMLEGA Guðmundur man vel eftir sínum fyrstu skrefum með landsliðinu en á erfitt með að gera upp á milli einstakra móta. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

mundur en hann hóf landsliðsferil sinn 1986 í leik gegn Sovétmönnum á Friðarleikumum í Moskvu.

„Ég man vel eftir því þegar ég var að stíga mín fyrstu skref með landsliðinu. Ég var búinn að fylgjast vel með liðinu og svo skyndilega var maður farinn að spila með því á móti þessum stórköllum sem maður var búinn að vera að horfa á í sjónvarpinu,“ sagði Guðmundur.

Meðan hann hefur leikið fyrir hönd Íslands hefur hann einnig leikið með Breiðablik, FH, Val, Nordhorn, Conversano og nú síðast Kronau Östringen. Hann er nú 41 árs en er enn á fullu og mun leika með Aftureldingu næsta vetur ásamt því að starfa við markmannsþjálfun hjá félaginu.

„Það verður gaman að spila með þessu unga og upprennandi liði. Þeir urðu bikarmeistarar í 2.flokki og það verður skemmtilegt að vinna með þeim. Vonandi getur maður skilað eitthvað af sinni reynslu til þessara ungu leikmanna. Ég hef ekki ákveðið hvað ég spila lengi til viðbótar og hugsa bara eitt ár fram í tímann núna, þegar maður er kominn á þennan aldur þá spáir maður ekki lengra fram í tímann,“ sagði Guðmundur Hrafnkelsson.

Íslenska karlalandsliðið í handbolta:

## Mætir Svíum í Kaplakrika

**HANDBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í handknattleik leikur fyrri leik sinn gegn Svíum hér á landi í dag og á miðvikudag í tilefni af undirbúningi þess við umspilsleikina við Hvít-Rússa síðar í mánuðinum. Fréttablaðið ræddi við Viggó Sigurðsson landsliðsþjálfara í gær og spurði hann hvernig undirbúningurinn gengi. „Við erum búnir að vera að æfa mjög vel undanfarna daga og erum að fá Ólaf Stefánsson inn í hópinn í kvöld. Svo erum við búnir að fá Sigfús Sigurðsson aftur inn auðvitað, eftir nokkurt hlé og það er okkur mjög mikilvægt í þarnar-leiknum. Við ætlum okkur að

keyra þessa leiki af alvöru og tefla fram okkar sterkasta liði, rétt eins og Svíarnir,“ sagði Viggó. „Ég sé ekki fram á að það verði neinar sérstakar breytingar á hópnum, nema hvað Birkir Ívar varðar. Hann gæti allt eins fengið að spreya sig meira en verið hefur og okkur finnst vera kominn tími á að fara að brjóta þessa Svíagrýlu á bak aftur og vinna þá. Það yrði ágætis veganesti fyrir okkur inn í leikina við Hvít-Rússana,“ bætti hann við. Fyrri leikur liðanna verður í Kaplakrika klukkan 19.40 í kvöld, en það verður einmitt kveðjuleikur Guðmundar Hrafnkelssonar, mark-



GRÝLUBANI Viggó Sigurðsson vill fyrir alla muni ná að brjóta Svíagrýluna svokölluðu á bak aftur í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/Pjetur

varðar liðsins til margra ára. Síðari leikurinn verður svo leikinn á

Akureyri á miðvikudagskvöld. [baldur@frettabladid.is](mailto:baldur@frettabladid.is)



FRANK ARNESEN Var rekinn frá Tottenham með skómm. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Forráðamenn Tottenham æfir út í Frank Arnesen:

## Ómerkilegur Arnesen

**FÓTBOLTI** Forráðamenn Tottenham Hotspur ráku á laugardag yfirmann knattspyrnumála hjá félaginu, Danann Frank Arnesen, eftir að hann lýsti því yfir við stjórn félagsins að hann vildi ganga til liðs við Chelsea, sem allt bendir til að hafi rætt við hann án vitundar Tottenham.

Þetta gerist aðeins nokkrum dögum eftir að Chelsea var sektað vegna ólöglegra funda með Ashley Cole, leikmanni Arsenal og liði Chelsea virðist einfaldlega ekkert vera heilagt þegar kemur að því að ná í bestu faanlega menn í hverja stöðu með milljónum sínum.

Forráðamenn Tottenham vilja lítið tjá sig um málið annað en það að í yfirlýsingu á heimasíðu félagsins kemur fram að nálgun

Chelsea við Arnesen hafi verið með öllu ólöglegt og að þeir ætli að leita réttar síns í málinu. Forráðamenn Chelsea þræta fyrir þetta og segjast hafa verið í viðræðum við þann danska í tvær vikur með fullu samþykki grannaliðs síns í London.

David Pleat, fyrrum yfirmaður knattspyrnumála hjá Tottenham, var ekki sáttur með framkomu Arnesens og kallaði hana ómerkilega.

„Tottenham gaf honum tækifæri til að koma til Englands og sanna sig í þessari deild. Þeir voru tilbúinir að bjóða honum gull og græna skóga fyrir starf sitt herna og ég verð að segja að mér þykir þetta bera vott um ódrenglyndi hjá honum að stinga svona af,“ sagði Pleat. **-bb**

**FILA**  
**Línuskautar**

fyrir alla fjölskylduna  
einnig úrval af hlífum og hlífasettum

**Rafdrifin hlaupahjól**  
algjört æði...

**FILA FF 45**  
dömu/herra

Vandaðir línuskautar  
78 mm gúmmihjól  
CoolMax fóðrun sem  
tryggir öndun.  
Stærðir: 37-47  
Verð frá kr. 12.886,-

**FILA FF 50**  
dömu/herra

Vandaðir línuskautar  
78 mm gúmmihjól  
CoolMax fóðrun sem  
tryggir öndun.  
Stærðir: 37-47  
Verð frá kr. 17.995,-

**FILA**  
Megalite  
barna

Vandaðir  
barnalínuskautar  
stækkanlegar stærðir  
29-32 / 32-35  
35-38  
Verð kr. 9.935,-

